

Stjórnartíðindi

2003 - B-deild - B64-65

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Inniheldur nýjar bls. 641-642 í B-deild 2003.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 64-65

Nr. 393-420

2003

Efnisyfirlit B 64-65 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
393	27. maí	Auglýsing um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulags- áætlunum í Reykjavík	1329-1330
394	23. maí	Reglugerð um heimild færeyskra skipa til síldveiða við Ísland á árinu 2003	1330-1332
395	26. maí	Reglugerð um karfaveiðar fiskiskipa frá Evrópusambandinu í fiskveiðilandhelgi Íslands 2003	1333-1336
396	23. maí	Reglugerð um takmörkun efna í vélknúnum ökutækjum	1337-1340
397	21. maí	Reglugerð um leigubifreiðar	1340-1348
398	21. maí	Gjaldskrá fyrir hafnir	1348-1352
399	28. maí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi við Súlunes 33 í Garðabæ	1352
400	20. maí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 1997-2017, Miðtún og umhverfi.....	1353
401	20. maí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995- 2015, Álftanesvegur	1353
402	5. maí	Reglugerð um úrskurðarnefnd siglingamála	1354-1355
403	22. maí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980- 2000, brimvarnargarður	1356
404	22. maí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015, Geiteyjarströnd	1356
405	20. maí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995- 2015, Jófríðarstaðir-Skuld	1357
406	20. maí	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, Beitistaðir í Leirár- og Melahreppi	1357
407	26. maí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Víðistaða- svæði“ vegna stækkunar Víðistaðaskóla í Hafnarfirði	1358
408	26. maí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Klapparhlíðar, Mosfellsbæ	1358
409	21. maí	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Austurlands nr. 183/2002	1358-1359
410	21. maí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi fristundabyggðar í landi Hæðarenda, Grímsnes- og Grafningshreppi	1360
411	20. maí	Auglýsing um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla	1360-1361
412	12. apríl	Auglýsing um friðlýsingu húss sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um húsafríðun, nr. 104/2001	1361
413	26. apríl	Auglýsing um friðlýsingu húss sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um húsafríðun, nr. 104/2001	1362
414	25. apríl	Auglýsing um friðlýsingu húsa sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um húsafríðun, nr. 104/2001	1362
415	22. maí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Háholts 11-15, Mosfellsbæ	1363

5. Verndaðu börnin - láttu þau ekki anda að sér tóbaksreyk.
6. Læknirinn þinn eða lyfjafræðingur geta hjálpað þér að hætta að reykja.
7. Reykingar eru mjög ávanabindandi, byrjaðu ekki að reykja.
8. Ef þú hættir að reykja dregur það úr líkum á banvænum hjarta- og lungnasjúkdómum.
9. Reykingar geta valdið hægfara og kvalafullum dauða.
10. Fáðu hjálp við að hætta að reykja: sími 800 6030.
11. Reykingar geta dregið úr blóðflæði og valda getuleysi.
12. Reykingar flýta fyrir öldrun húðarinnar.
13. Reykingar geta skaðað sæði og draga úr frjósemi.
14. Tóbaksreykur inniheldur bensen, nítrósamín, formaldehýð og blásýru.

Viðvaranir þessar skulu notaðar til skiptis og þannig að tryggt sé að þær birtist með reglubundnum hætti. Viðvörðun skal prentuð á hinn flöt einingarpakkans sem er mest áberandi og á allar ytri umbúðir, að undanskildum gagnsæjum umbúðum, sem eru notaðar í smásölu á vörunni.

4. gr.

Reyklaust tóbak skal bera eftirfarandi viðvörðun:

„Þessi tóbaksvara getur skaðað heilsuna og er ávanabindandi“.

Þessi viðvörðun skal prentuð á þann flöt einingarpakkans sem er mest áberandi, svo sem á dósarlök, og á allar ytri umbúðir, að undanskildum gagnsæjum umbúðum, sem eru notaðar í smásölu á vörunni.

5. gr.

Almenna viðvörðunin samkvæmt a-lið 3. gr. og viðvörðun á reyklusu tóbaki samkvæmt 4. gr. skal þekja að minnsta kosti 30% af yfirborði þess flatar einingarpakkans sem hún er prentuð á.

Viðbótarviðvörðunin samkvæmt b-lið 3. gr. skal þekja að minnsta kosti 40% af yfirborði þess flatar einingarpakkans sem hún er prentuð á.

Þegar um er að ræða pakka sem innihalda aðrar vörur en sígarettur og sá flötur pakkans sem er mest áberandi er stærri en 75 cm² skulu viðvaranir skv. 3. gr. þekja að minnsta kosti 22,5 cm² af hvorum fleti.

6. gr.

Upplýsingar um hve mörg mg af tjöru, nikótíni og kolsýringi hver sígarett gefur frá sér, sbr. 12. gr., skulu prentaðar á íslensku á eina hlið sígarettupakkans og þekja að minnsta kosti 10% af hliðarfletinum.

7. gr.

Viðvaranir skv. 3. og 4. gr. og upplýsingar um innihald skv. 6. gr. skulu vera:

- a) prentaðar með svörtu Helvetica fentletri á hvítum grunni. Leturstærð skal valin þannig fyrir hvern texta að hann fylli út eins stóran hluta og mögulegt er af þeim fleti sem honum er ætlaður skv. 5. og 6. gr., að teknu tilliti til þarfa tungumálsins;
- b) með lágstöfum nema upphafsstafur textans og þar sem stafsetningarreglur mæla fyrir um annað;
- c) miðjaðar á flötinn þar sem á að prenta textann, samsíða efstu brún pakkans;
- d) fyrir aðrar vörur en þær sem um getur í 4. gr., umkringdar svartri rönd sem skal minnst vera 3 mm og mest 4 mm á breidd og ekki trufla á neinn hátt viðvörðunartextann eða upplýsingarnar. Röndin telst ekki til þess flatar sem viðvaranir og upplýsingar um innihald skulu að lágmarki þekja skv. 5. og 6. gr.

8. gr.

Bannað er að prenta texta skv. 3., 4. og 6. gr. á tollborða pakkanna.

Prenta skal textana þannig að ekki sé hægt að fjarlægja þá eða afmá og óheimilt er að hylja þá, skyggja á þá eða brengla með öðru rituðu eða myndrænu efni eða með því að opna pakkann.

Þegar um er að ræða aðrar tóbaksvörur en sígarettur er heimilt að setja textann á með límmiðum að því tilskildu að ekki sé hægt að losa þá af pökkunum.

9. gr.

Merkja skal einingarpakka tóbaksvöru með lotunúmeri eða á annan sambærilegan hátt til þess að unnt sé að ákvarða hvar og hvenær varan var framleidd.

10. gr.

Sá sem framleiðir, flytur inn eða selur tóbak má ekki án samþykkis heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gefa með orðum eða táknum sínar eigin upplýsingar á umbúðum vörunnar um heilsufarsleg áhrif af neyslu hennar.

11. gr.

Óheimilt er með öllu að hafa á umbúðum tóbaksvara texta, heiti, vörumerki, myndir og myndræn eða annars konar tákni sem gefa í skyn að tiltekin tóbaksvara sé ekki eins skaðleg og aðrar tóbaksvörur.

III. KAFLI

Hámark skaðlegra efna og mælingar.

12. gr.

Hámark skaðlegra efna.

Sígarettur sem markaðssettar eru á Íslandi mega ekki gefa frá sér meira, hvert stykki, en 10 mg af tjöru, 1 mg af níkótíni og 10 mg af kolsýringi.

13. gr.

Mælingar, prófanir.

Mæla skal hve mikla tjöru- níkótín- og kolsýring sígarettur gefa frá sér, sbr. 6. gr., samkvæmt ISO-stöðlum 4387 fyrir tjöru, 10315 fyrir níkótín og 8454 fyrir kolsýring. Nákvæmni upplýsinga á sígarettupökkum um tjöru og níkótín er sannprófuð í samræmi við ISO-staðal 8243.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið getur krafist þess að prófanir þessar skuli gerðar eða sannreyndar af prófunarstofum sem landlæknir viðurkennir og hefur eftirlit með í samráði við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Ráðuneytið getur einnig í samráði við landlækni krafist þess af framleiðendum eða innflytjendum tóbaks að þeir geri ýmsar aðrar prófanir til þess að meta magn annarra efna sem tóbaksvörur gefa frá sér eftir vörumerki og tegund og til þess að meta áhrif þessara efna á heilsuna, m.a. að teknu tilliti til ávanabindandi áhrifa þeirra. Ráðuneytið getur í samráði við landlækni krafist þess að slíkar prófanir verði gerðar eða sannreyndar á viðurkenndum prófunarstofum, sbr. 2. mgr.

Niðurstöður prófana samkvæmt 3. mgr. skulu sendar árlega til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Ráðuneytið getur þó í samráði við landlækni ákveðið að lengri tími megi líða milli birtingar þessara niðurstaðna ef vörulýsingu hefur ekki verið breytt. Tilkynna skal ráðuneytinu um breytingar á vörulýsingum.

STJÓRNARTÍÐINDI B 64 – 2003

27. maí 2003

1329

Nr. 393

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Kaplaskjólsvegur 2.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 13. maí 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Kaplaskjólsveg 2.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Sólvallagata 80-84.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 6. maí 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Sólvallagötu 80-84.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reitur 1.172.0.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 25. mars 2003, deiliskipulag fyrir reit 1.172.0 sem afmarkast af Laugavegi, Klapparstíg, Vatnsstíg og Hverfisgötu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reitur 1.172.1.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 17. mars 2003, deiliskipulag fyrir reit 1.172.1 sem afmarkast af Laugavegi, Frakkastíg, Vatnsstíg og Hverfisgötu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reitur 1.172.2.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 25. mars 2003, deiliskipulag fyrir reit 1.172.0 sem afmarkast af Laugavegi, Frakkastíg, Grettisgötu og Klapparstíg.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Ölgerðarreitur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 1. apríl 2003, deiliskipulag fyrir Ölgerðarreit sem afmarkast af Grettisgötu, Klapparstíg, Njálsgötu og Frakkastíg

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 27. maí 2003.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.

REGLUGERÐ

um heimild færeyskra skipa til síldveiða við Ísland á árinu 2003.

1. gr.

Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samninga sem íslensk stjórnvöld hafa gert við færeysk stjórnvöld um heimildir skipa frá Færeyjum til veiða á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum í fiskveiðilandhelgi Íslands á árinu 2003.

2. gr.

Veiðar sbr. 1. gr. innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu. Um borð í veiðiskipi skal vera staðfesting þess að viðkomandi skip hafi leyfi til síldveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands og ennfremur reglur, sem um síldveiðarnar gilda.

3. gr.

Sunnan 67°00'N er færeyskum skipum óheimilt að stunda síldveiðar vestan 11°30'V. Aðeins skal 8 færeyskum skipum heimilt að stunda síldveiðar samtímis í fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. gr.

Fiskiskipum sem leyfi hafa fengið skv. 2. gr. til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er skylt að halda afladagbækur um veiðarnar þar sem fram komi veiðisvæði, veiðitími og aflí í hverju togi eða kasti. Skal Fiskistofu sent afrit af afladagbókunum eigi síðar en 14 dögum eftir hver mánaðamót eða eftir að veiðum lýkur.

Veiðarfæri, sem ætluð eru til annarra veiða en leyfi miðast við, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu.

5. gr.

Skip sem leyfi hafa fengið til síldveiða sbr. 2. gr. skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin.

6. gr.

Tilkynna skal Eftirlitsstöðinni siglingu skipsins inn í íslenska lögsögu með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara.

Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning“ (entry report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Eftirlitsstöðinni á sama hátt og greint er í 1. mgr.

7. gr.

Skip sem stundar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 06.00 til 08.00 að íslenskum tíma, senda Eftirlitsstöðinni tilkynningu þar sem eftirfarandi kemur fram í þessari röð:

Orðið „aflatilkynning“ (catch report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Afli síðasta sólarhrings, miðað við kl. 24.00, eða afli frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða, sundurliðaður eftir tegundum.

8. gr.

Þegar skip lýkur veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands skal það tilkynnt Eftirlitsstöðinni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „lokatilkynning“ (exit report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Afli síðan síðasta aflatilkynning var send, sundurliðaður eftir tegundum.

9. gr.

Áður en skip heldur út úr fiskveiðilandhelgi Íslands skal senda Eftirlitsstöðinni tilkynningu um það með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „athugunartilkyning“ (control report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Eftirlitsstöðinni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr.

10. gr.

Tilkynningar samkvæmt 6.-9. gr. skal senda á íslensku eða ensku og skulu tímasetningar vera samkvæmt íslenskum tíma (UTC).

11. gr.

Skip sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt reglugerð þessari skulu hlíta ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nema annað sé sérstaklega ákveðið í reglugerð þessari og sömu reglum og íslensk skip við sams konar veiðar, m.a. um veiðibann, friðunarsvæði og aðra lokun svæða.

12. gr.

Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar er í höndum Landhelgisgæslu Íslands, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu. Heimilt er ráðuneytinu að ákveða að skipin skuli sigla inn og út úr fiskveiðilandhelginni á tilteknum athugunarstöðvum og að þeim beri að tilkynna komu sína á þær með ákveðnum fyrirvara.

Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í veiðiskip sem leyfi hafa til veiða innan íslenskrar lögsögu. Skal útgerð skips sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð í veiðiskipi og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit samkvæmt reglugerð þessari geti ekki farið fram á sjó, skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrir mælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

13. gr.

Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð, áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um hlutaðeigandi veiðar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum milliríkjasamninga.

14. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

15. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. maí 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um karfaveiðar fiskiskipa frá Evrópusambandinu í fiskveiðilandhelgi Íslands 2003.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til karfaveiða fiskiskipa frá Evrópusambandinu í efnahagslögsögu Íslands á tímabilinu 1. júlí – 31. desember 2003.

2. gr.

Aðeins þeim fiskiskipum sem fengið hafa sérstakt leyfi Fiskistofu er heimilt að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Evrópusambandið skal sækja um leyfi fyrir hvert skip á sérstöku eyðublaði eins og gert er ráð fyrir í viðbæti 1 við niðurstöður fiskimálaviðræðna milli Íslands og Evrópusambandsins frá 25. október 1999.

Verksmiðjuskipum verður ekki veitt leyfi til veiða. Skip sem aðeins slægja og frysta fiskinn um borð teljast ekki verksmiðjuskip.

3. gr.

Á tímabilinu 1. júlí – 31. desember 2003 er skipum Evrópusambandsins sem veiðileyfi fá skv. 2. gr. heimilt að veiða allt að 3000 lestum af karfa. Meðafli sem fæst við karfaveiðarnar reiknast til þess kvóta. Ef einhver þorskur veiðist eða ef meðafli, annar en langhali, verður meiri en 10% aflans í einhverju hali, getur eftirlitsmaður Fiskistofu krafist þess að veitt verði annars staðar á hinu afmarkaða svæði, sbr. 4. gr. Íslensk stjórnvöld skulu upplýsa Evrópusambandið þegar meginhluti leyfðs heildarafla hefur verið veiddur. Þegar leyfilegur heildarafla hefur verið veiddur stöðva íslensk stjórnvöld veiðarnar.

4. gr.

Skipum frá Evrópusambandinu sem leyfi fá til veiða samkvæmt 2. gr. er aðeins heimilt að veiða á tveim svæðum í fiskveiðilandhelgi Íslands og markast þau af línnum sem dregnar eru milli eftirfarandi punkta:

I. Suðvestur svæði:

1. $63^{\circ}12'N - 23^{\circ}05'V$, þaðan suðvestur um $62^{\circ}00'N - 26^{\circ}00'V$ að mörkum efnahagslögsögunnar.
2. $62^{\circ}58'N - 22^{\circ}25'V$
3. $63^{\circ}06'N - 21^{\circ}30'V$
4. $63^{\circ}03'N - 21^{\circ}00'V$, þaðan í 180° .

II. Suðaustur svæði:

1. $63^{\circ}14'N - 10^{\circ}40'V$
2. $63^{\circ}14'N - 11^{\circ}23'V$
3. $63^{\circ}35'N - 12^{\circ}21'V$
4. $64^{\circ}00'N - 12^{\circ}30'V$
5. $63^{\circ}53'N - 13^{\circ}30'V$
6. $63^{\circ}36'N - 14^{\circ}30'V$
7. $63^{\circ}10'N - 17^{\circ}00'V$, þaðan í 180° .

5. gr.

Aldrei skulu fleiri en 5 fiskiskip vera við veiðar í efnahagslögsögu Íslands samtímis. Til að tryggja framkvæmd þessarar reglu veitir Landhelgisgæsla Íslands upplýsingar um það hve mörg skip stundi veiðar hverju sinni.

6. gr.

Óheimilt er fiskiskipum að stunda veiðar í efnahagslögsögu Íslands nema eftirlitsmaður frá Fiskistofu sé um borð í skipinu.

Hyggist útgerð senda skip til veiða í efnahagslögsögu Íslands skal hún tilkynna Fiskistofu þá fyrirætlan og hvenær veiðar muni hefjast. Fiskistofa skal, svo fljótt sem mögulegt er, tilkynna hvar eftirlitsmaður muni koma um borð í skipið.

Útgerð skipsins getur óskað eftir því að eftirlitsmaðurinn komi um borð eða fari frá borði þar sem skipið leggur úr höfn eða í einhverri af þeim höfnum sem skráðar eru í viðbæti 2 við niðurstöður fiskimálaviðræðna Íslands og Evrópusambandsins frá 25. október 1999, með síðari breytingum. Skal ósk um eftirlitsmann komið til Fiskistofu með a.m.k. 7 daga fyrirvara.

7. gr.

Eftirlitsmaður Fiskistofu skal fylgjast með veiðum og tryggja að farið sé að öllum reglum sem í gildi eru hverju sinni um veiðar í efnahagslögsögu Íslands. Hann skal og veita íslenskum yfirvöldum upplýsingar um veiðarnar.

Eftirlitsmaður Fiskistofu skal ekki búa við lakari skilyrði um borð en yfirmenn skipsins. Hann skal hafa alla þá aðstöðu sem hann þarf til að sinna skyldum sínum, þ.m.t. óhindraðan aðgang að fjarskiptatækjum til embættiserinda og öllum athafnasvæðum og skjölum um borð í skipinu.

Útgerð skipsins skal greiða eftirfarandi kostnað vegna eftirlitsmanns Fiskistofu um borð í fiskiskipi: Ferðakostnað til og frá þeirri höfn þar sem eftirlitsmaður kemur um borð eða fer frá borði, upphald og launakostnað, sem nemur 170 ECU hvern dag sem eftirlitsmaður er um borð auk tveggja daga til ferðalaga. Krefjast má bankaábyrgðar eða fyrirframgreiðslu.

8. gr.

Áður en skip kemur inn í efnahagslögsögu Íslands skal tilkynna Landhelgisgæslunni um fyrirhugaðar veiðar með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning“ (entry report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er í 1. mgr.

9. gr.

Skip sem stundar veiðar í efnahagslögsögu Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 10.00 til 12.00 að íslenskum tíma, senda Landhelgisgæslunni tilkynningu þar sem eftirfarandi skal koma fram í þessari röð:

Orðið „aflatilkynning“ (catch report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.
Afli síðasta sólarhrings eða afli frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands, sé um skemmri tíma að ræða, sundurliðaður eftir tegundum.

10. gr.

Þegar skip lýkur veiðum í efnahagslögsögu Íslands skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „lokatilkynning“ (exit report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Afli síðan síðasta aflatilkynning var send, sundurliðaður eftir tegundum.

11. gr.

Áður en skip heldur út úr efnahagslögsögu Íslands skal senda Landhelgisgæslunni tilkynningu um það með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „athugunartilkynning“ (control report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr.

12. gr.

Opinber samskipti við Landhelgisgæslu Íslands skulu fara fram á ensku. Sama gildir um samskipti eftirlitsmanns Fiskistofu við skipstjóra eða fulltrúa hans nema um annað hafi verið samið.

Tilkynningar til Landhelgisgæslunnar skulu vera í því formi, sem ákveðið er vegna tilkynninga um veiðar á samningasvæði (NEAFC) Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar nema Landhelgisgæslan óski annars.

13. gr.

Sé skip með afla um borð við komu inn í efnahagslögsögu Íslands skal honum landað á Íslandi og hann vigtaður í samræmi við íslenskar reglur áður en veiðar hefjast í íslenskri lögsögu.

Þegar skip yfirgefur efnahagslögsögu Íslands eftir að hafa stundað þar veiðar og áður en það hefur veiðar á öðrum miðum skal það annaðhvort landa aflanum á Íslandi og vigta hann í samræmi við íslenskar reglur eða á fiskmörkuðum sem hafa verið viðurkenndir af íslenskum yfirvöldum, sbr. viðbæti 3 við niðurstöður fiskimálaviðræðna Íslands og Evrópu-sambandsins frá 25. október 1999.

14. gr.

Fiskiskip skulu hlíta öllum þeim ákvörðunum sem lúta að verndun fiskistofnanna, þar með töldum lokunum veiðisvæða. Hafrannsóknastofnunin mun tilkynna fiskiskipum sem eru að veiðum í efnahagslögsögu Íslands fyrirfram um lokanir veiðisvæða.

Lágmarksmöskvastærð í vörpu skal vera 135 mm. Um mælingar á möskvum, klæðningar á vörpu og styrktarnet gilda sömu reglur og gilda fyrir íslensk skip.

Í afladagbók sem skal vera innbundin með númeruðum síðum og í tvíriti skal skipstjóri skrá eftirfarandi upplýsingar: Afl skips, skráningarnúmer og kallmerki. Fyrir hvert kast skal skrá staðsetningu, dagsetningu og tíma þegar vörpunni er kastað og afla í hverju kasti í lestum. Einnig skal skrá heildarafla á sólarhring í efnahagslögsögu, stærð vörpu og möskvastærð. Skipstjóri skal undirrita hverja síðu afladagbókarinnar. Starfsmönnum Landhelgisgæslunnar og veiðieftirlitsmönnum Fiskistofu skal sýnd afladagbók, sé þess óskað.

15. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Jafnframt getur Fiskistofa svipt skip leyfum til veiða innan efnahagslögsögunnar brjótí útgerð skips, áhöfn eða aðrir sem í þágu útgerðar starfa gegn reglugerð þessari.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 334, 22. apríl 2002, um karfaveiðar fiskiskipa frá Evrópusambandinu í fiskveiðilandhelgi Íslands 2002.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. maí 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um takmörkun efna í vélknúnum ökutækjum.

Markmið.

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að takmarka notkun tiltekinna skaðlegra málma og málmblanda í vélknúnum ökutækjum.

Gildissvið.

2. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til vélknúinna ökutækja og einstakra hluta þeirra ef í þeim eru einhver eftirtalinnna málma eða málm sambanda: Blý og blýsambönd, kadmíum, sexgilt króm eða kvikasilfur.

Takmarkanir.

3. gr.

Óheimilt er að markaðssetja bifreiðar, önnur vélknúin ökutæki eða einstaka hluta bifreiða og annarra vélknúinna ökutækja sem innihalda efni sem talin eru upp í 2. gr., sbr. þó 4. gr.

Undanþágur og merkingar.

4. gr.

Bann samkvæmt 3. gr. nær ekki til smíðaeftna og íhluta ökutækja sem tilgreind eru í viðauka með reglugerð þessari.

Hluti sem falla undir tímabundna undanþágu samkvæmt 1. mgr. er heimilt að endurnota eftir að undanþága fellur úr gildi.

Nýir varahlutir sem ætlaðir eru til viðgerða á þeim hlutum sem falla undir 1. mgr. eru til 1. júlí 2007 einnig undanþegnir banni samkvæmt 3. gr. Þetta gildir þó ekki um hluti ætlaða fyrir eðlilegt viðhald ökutækja né heldur jafnvægislóð, kolefnisbursta og bremsufóðrun, sbr. töflu 2 í viðauka.

Merkja þarf sérstaklega eða auðkenna á annan viðeigandi hátt þau smíðaeftni og íhluti ökutækja sem innihalda blý, kadmíum, sexgilt króm eða kvikasilfur svo sem gerð er grein fyrir í viðauka.

Förgun.

5. gr.

Um förgun vélknúinna ökutækja sem innihalda blý, kadmíum, sexgilt króm og kvikasilfur, gilda lög um úrvinnslugjald, lög um meðhöndlun úrgangs og reglugerðir settar samkvæmt þeim.

Eftirlit.

6. gr.

Heilbrigðisnefnd sveitarfélaga, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hefur eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar.

Viðurlög.

7. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Gildistaka.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum og 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Einnig er höfð hliðsjón af þeim ákvæðum sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XX. viðauka, V. kafla, t. 32db, tilskipun 2000/53/EB, um úr sér gengin ökutæki, ásamt breytingum í ákvörðun 2002/525/EB.

Reglugerðin öðlast gildi 1. júlí 2003.

Umhverfisráðuneytinu, 23. maí 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.*Sigríður Auður Arnardóttir.*

VIÐAUKI

Smíðaeefni og íhlutir sem undanþegin eru ákvæði 3. greinar.**Tafla 1. Blý sem hluti málmblendis¹⁾**

<i>Notkun</i>	<i>Undanþága gildir til:</i>	<i>Smíðaeefni og íhlutir sem merkt skulu eða auðkennd í samræmi við 4. mgr. 4. gr.</i>
Í stál til notkunar í vélarhluti og galvaníserað stál með allt að 0,35% ²⁾ blýinnihald		
Í ál til notkunar í vélarhluti með allt að a) 2% ²⁾ blýinnihald, b) 1% ²⁾ blýinnihald	a) 1. júlí 2005 b) 1. júlí 2008	
Í koparblendi með allt að 4% ²⁾ blýinnihald		
Í blý/brons legubakka og -fóðringar		

1) Að hámarki 0,1% sem hlutfall af þyngd einsleits málm (0,4% fyrir ál), nema að annað sé tekið fram og á meðan blý er ekki til staðar af ásettu ráði.

2) Hlutfall af þyngd.

Tafla 2. Blý og blýsambönd í einstökum hlutum ökutækja¹⁾

<i>Notkun</i>	<i>Undanþága gildir til:</i>	<i>Smíðaeefni og íhlutir sem merkt skulu eða auðkennd í samræmi við 4. mgr. 4. gr.</i>
Í rafgeyma		X
Í titringsdeyfa (dempara)		X
Í jafnvægislóð hjóla	1. júlí 2005 ²⁾	X
Sem súlfunarefni og stöðgari fyrir gúmmílíki (teygjuefni) sem eru notuð í tengslum við vökva og aflyfirfærslu	1. júlí 2005	
Sem stöðgari í hlífðarmálningu	1. júlí 2005	
Í kolefnisbursta fyrir rafknúna hreyfla	1. janúar 2005 ²⁾	
Til lóðunar á rafrásaplötum og annarra hliðstæðra nota		X ³⁾
Í kopar fyrir bremsufóðrun með yfir 0,5% ⁴⁾ blýinnihald	1. júlí 2004 ²⁾	
Í ventsæti	1. júlí 2006 ⁵⁾	
Í rafrásahluti sem innihalda blý í gler- eða postulínsmótum að undanskildu gleri í ljósaperur og glerung á kveikikertum		X ³⁾
Í ljósaperugler og glerung á kveikikertum	1. janúar 2005	
Í sprengihleðslur	1. júlí 2007	

- 1) Að hámarki 0,1% sem hlutfall af þyngd einsleits málms (0,4% fyrir ál og kopar fyrir bremsufóðrun til 1. júlí 2007) nema að annað sé tekið fram og á meðan blý er ekki til staðar af ásettu ráði.
- 2) Gildir um ökutæki viðurkennd fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.
- 3) Gildir ef magn efnis fer yfir 60 g samanlagt (rafrásahlutir og vegna lóðunar) eftir sundurhlutun. Gildir ekki um hluti sem komið var fyrir af öðrum en framleiðanda.
- 4) Hlutfall af þyngd.
- 5) Gildir um vélar sem þróaðar hafa verið fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.

Tafla 3. Sexgilt króm¹⁾

<i>Notkun</i>	<i>Undanþága gildir til:</i>	<i>Smíðaeefni og íhlutir sem merkt skulu eða auðkennd í samræmi við 4. mgr. 4. gr.</i>
Í tæringarvarnarefni	1. júlí 2007	
Í íssogs ísskápa fyrir húsbíla		X

- 1) Að hámarki 0,1% sem hlutfall af þyngd einsleits málms á meðan að sexgilt króm er ekki til staðar af ásettu ráði.

Tafla 4. Kvikasilfur¹⁾

<i>Notkun</i>	<i>Undanþága gildir til:</i>	<i>Smíðaeefni og íhlutir sem merkt skulu eða auðkennd í samræmi við 4. mgr. 4. gr.</i>
Í afhleðslulampa og aflestrarbúnað í mælaborði		X

1) Að hámarki 0,1% sem hlutfall af þyngd einsleits málmis á meðan að kvikasilfur er ekki til staðar af ásettu ráði.

Tafla 5. Kadmíum¹⁾

<i>Notkun</i>	<i>Undanþága gildir til:</i>	<i>Smíðaeefni og íhlutir sem merkt skulu eða auðkennd í samræmi við 4. mgr. 4. gr.</i>
Í deig fyrir þykkt lag	1. júlí 2006	
Í rafgeyma fyrir ökutæki knúin rafmagni	31. desember 2005 ²⁾	X

1) Að hámarki 0,01% sem hlutfall af þyngd einsleits málmis á meðan að kadmíum er ekki til staðar af ásettu ráði.

2) Eftir 31. desember 2005 verða NiCd rafgeymar aðeins leyfðir sem varahlutir í ökutæki markaðsett fyrir þessa dagsetningu.

REGLUGERÐ

um leigubifreiðar.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til fólksbifreiða sem notaðar eru til leigubifreiðaaksturs. Bifreiðar sem skráðar eru fyrir fleiri en átta farþega falla þó ekki undir reglugerðina.

Leigubifreiðaakstur er þjónustugrein sem telst til almenningssamgangna og felst í að fólksbifreið er seld á leigu ásamt öikumanni fyrir tiltekið gjald til flutnings á farþegum og farangri þeirra. Farangur skal alla jafnan flytja í farangursgeymslu bifreiðar. Eigi er heimilt að flytja farangur án farþega nema um sé að ræða flutning bréfa, skjala, blóma eða neyðarsendinga fyrir sjúkrahús. Rísi ágreiningur um þessi mörk sker Vegagerðin úr.

2. gr.

Auðkenni.

Leigubifreið til fólksflutninga skal auðkennd með þakljósi samkvæmt ákvæðum reglugerðar um gerð og búnað bifreiða. Ennfremur skal leigubifreið, sem ekur frá bifreiðastöð, auðkennd með merki stöðvarinnar neðarlega fyrir miðju í framrúðu og stöðvarnúmeri á áberandi hátt ofarlega vinstra megin í afturrúðu bifreiðar.

Ökumaður leigubifreiðar skal ávallt hafa á sér skilríki skv. síðustu mgr. 6. gr. og 12. gr. sem sýnir að hann hafi tilskilin atvinnuleyfi eða heimild til aksturs í forföllum atvinnuleyf- ishafa.

Leigubifreiðastjóri skal sýna verðskrá sem í gildi er óski farþegi þess.

3. gr.

Námskeið.

Sá sem fullnægir öllum skilyrðum 5. gr. laga um leigubifreiðar getur fengið atvinnuleyfi. Halda skal námskeið fyrir alla þá sem óska eftir að fá að aka leigubifreið svo sem hér segir:

a. Grunnnámskeið skulu haldin fyrir forfallabílstjóra þegar fyrir liggja a.m.k. 20 staðfestar umsóknir.

b. Námskeið fyrir umsækjendur um atvinnuleyfi skulu haldin er þörf er talin.

Vegagerðin skal halda námskeið fyrir þá umsækjendur um atvinnuleyfi, sem fullnægja tilskyldum skilyrðum og stundað hafa leiguakstur á fólki í að minnsta kosti eitt ár. Jafnframt skal Vegagerðin halda námskeið fyrir forfallabílstjóra sem fullnægja tilskyldum skilyrðum. Vegagerðin skipuleggur slík námskeið, ákveður kennslutilhögun, námsefni, prófreglur og námskeiðsgjald.

Bifreiðastjóri skal, sé þess óskað, leggja fram læknisvottorð frá trúnaðarlækni Vegagerðarinnar sem staðfestir starfshæfni hans með tilliti til heilsufars.

4. gr.

Takmörkunarsvæði.

Takmarkanir á fjölda atvinnuleyfa í leiguakstri gilda á eftirtöldum svæðum:

I. Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ og Bessastaða- hreppi. Hámarkstala er 520 atvinnuleyfi.

II. Reykjanesbæ, Miðnes-, Gerða- og Vatnsleysustrandarhreppi. Hámarkstala er 40 atvinnuleyfi.

III. Akureyri. Hámarkstala er 20 atvinnuleyfi.

IV. Árborg. Hámarkstala er 7 atvinnuleyfi.

Takmörkun er framkvæmd með útgáfu atvinnuleyfa svo sem hámarkstala segir til um. Vegagerðinni er þó heimilt að taka tillit til leyfa, sem liggja inni tímabundið, þó þannig að ekki verði endurúthlutað nema sem nemur helmingi leyfa sem eru innlögð tímabundið skv. 19. gr. Fyrir 1. september ár hvert, í fyrsta skipti 2004, skal samgönguráðuneytið fara yfir og endurskoða fjölda atvinnuleyfa á hverju svæði og grípa til aðgerða ef marktækt ójafnvægi hefur myndast milli eftirspurnar og framboðs.

II. KAFLI

Umsókn, úthlutun og nýting atvinnuleyfa.

5. gr.

Umsóknir um atvinnuleyfi.

Bifreiðastjóri, sem óskar eftir atvinnuleyfi, skal sækja um það á þar til gerðu eyðublaði Vegagerðarinnar. Umsókninni skulu fylgja öll þau gögn og vottorð, sem Vegagerðin gerir

kröfu til sem staðfesta að umsækjandi uppfylli skilyrði sem lög nr. 134/2001, um leigubifreiðar kveða á um. Á takmörkunarsvæðum skal umsækjandi leggja fram vottorð um að hann eigi kost á afgreiðslu á bifreiðastöð sem hefur starfsleyfi.

Vegagerðin gefur út atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða bæði á takmörkunarsvæðum og utan þeirra.

6. gr.

Úthlutunarreglur.

Að uppfylltum öllum skilyrðum veitir Vegagerðin atvinnuleyfi á takmörkunarsvæðum á grundvelli starfsreynslu við akstur leigubifreiðar. Vegagerðinni er heimilt að taka sérstakt tillit til umsókna frá öryrkjum enda hafi þeir meðmæli Öryrkjabandalags Íslands og tryggingayfirlæknis um að leiguakstur henti þeim vel. Öryrkjar fá metna 260 daga í starfsreynslu við mat á atvinnuleyfisumsókn.

Sæki leyfishafi á einu takmörkunarsvæði um atvinnuleyfi á öðru takmörkunarsvæði skal hann jafnsettur öðrum umsækjendum að því er varðar aksturstíma. Atvinnuleyfi hans á svæðinu sem hann flytur frá fellur úr gildi þegar hann leysir nýja leyfið út. Atvinnuleyfishafi sem er með atvinnuleyfi utan takmörkunarsvæðis og sækir um atvinnuleyfi innan takmörkunarsvæðis fær 100 daga fyrir hvert ár metna í starfsreynslu. Vegagerðinni er þó heimilt að óska gagna er staðfesta starfsreynslu umsækjanda ef ástæða þykir til.

Atvinnuleyfi skulu tölusett og skal leyfishafi fá í hendur frumrit atvinnuleyfisins. Vegagerðin geymir samrit atvinnuleyfa.

Vegagerðin skal sjá um útgáfu skírteina til sönnunar á atvinnuleyfi. Þar skal koma fram mynd af leyfishafa, nafn, kennitala, takmörkunarsvæði, atvinnuleyfisnúmer og gildistími. Endurnýja ber atvinnuskírteini á fimm ára fresti. Skírteini sem eru orðin fimm ára eða eldri þann 1. janúar 2002 ber að endurnýja fyrir 1. janúar 2006. Að öðru leyti ber að endurnýja skírteinin innan fimm ára frá útgáfudegi.

7. gr.

Nýting atvinnuleyfis.

Leigubifreiðastjóra, sem öðlast atvinnuleyfi, ber að hefja nýtingu þess innan sex mánaða frá útgáfudegi leyfisins. Að öðrum kosti fellur atvinnuleyfið úr gildi. Þegar leyfishafi getur ekki leyst út atvinnuleyfi sitt vegna sjúkdóms eða slyss en gera má ráð fyrir m.v. læknisvottorð trúnaðarlæknis Vegagerðarinnar að hann muni ná fullnægjandi heilsu innan eins og hálfis árs frá því að leyfið var upphaflega veitt má gera undanþágu frá þessari reglu.

Leyfishafi skal nýta atvinnuleyfi sitt með eðlilegum hætti og stunda aksturinn sem aðal- atvinnu. Akstur eigin leigubifreiðar telst aðal- atvinna leyfishafa þegar hann að jafnaði stundar aksturinn eigi færri en 40 klst. á viku. Frá þessu má þó víkja á svæðum með færri en 10.000 íbúa. Eins má víkja frá þessu gagnvart þeim leyfishöfum sem geta sannanlega sýnt fram á að þeir hafi a.m.k. þriðjung tekna sinna vegna starfa fyrir bifreiðastöðvar eða félög leigubifreiðastjóra.

8. gr.

Framlenging atvinnuleyfis.

Atvinnuleyfi fellur úr gildi við lok 70 ára aldurs leyfishafa, þ.e. daginn áður en hann nær 71 árs aldri. Þó er heimilt að framlengja atvinnuleyfi til eins árs í senn þar til hann nær 76 ára aldri ef hann telst hæfur til að stunda leiguakstur á grundvelli hæfnisprófs og lækni- isskoðunar trúnaðarlæknis Vegagerðarinnar.

Hyggist atvinnuleyfishafi óska eftir framlengingu á atvinnuleyfi ber honum að sækja um það til Vegagerðarinnar ár hvert. Með umsókn þarf að fylgja læknisvottorð sem gefur

ótvírætt til kynna að viðkomandi sé hæfur til að stunda leiguakstur. Læknisvottorð sem fylgir umsókn skal ekki vera eldra en tveggja vikna gamalt. Þá skal fylgja með staðfesting frá Umferðarstofu um að viðkomandi sé hæfur til að aka leigubifreið er hann nær 71 árs aldri og eins er hann nær 74 ára aldri.

Umsókn um framlengingu atvinnuleyfis þarf að hafa borist Vegagerðinni a.m.k. einum mánuði fyrir afmælisdag leyfishafa ár hvert en þó eigi fyrr en tveimur mánuðum fyrir afmælisdag.

Atvinnuleyfi skal ekki framlengt ef viðkomandi leyfishafi hefur haft undanþágu frá akstri eigin bifreiðar vegna veikinda í samtals meira en sjö mánuði, síðustu tólf mánuði fyrir afmælisdag þann sem marka myndi ella upphafsdag framlengingar.

9. gr.

Eftirlifandi maki og dánarbúi.

Vegagerðinni er heimilt að leyfa eftirlifandi maka leyfishafa að nýta atvinnuleyfi hans í allt að þrjú ár eftir andlát leyfishafa. Eftirlifandi sambýlismaður eða sambýliskona skoðast sem eftirlifandi maki hafi sambúðin staðið yfir í að minnsta kosti tvö ár samfleytt samkvæmt þjóðskrá.

Þegar maki er ekki til staðar er dánarbúi leyfishafa heimilt að nýta atvinnuleyfi hans í allt að þrjú mánuði eftir andlát leyfishafa en þó ekki eftir lok búskipta. Viðkomandi bifreiðastöð er skylt að tilkynna um andlát leyfishafa til Vegagerðarinnar.

10. gr.

Svipting atvinnuleyfis.

Ef leyfishafi fer ekki að lögum og reglum um leigubifreiðar skal Vegagerðin tilkynna honum um það og veita leyfishafa frest til andmæla. Að loknum fresti til andsvara sem m.a. tekur tillit til gagna þeirra er leyfishafi þarf nauðsynlega að afla til stuðnings máli sínu skal Vegagerðin ákveða framhald málsins. Verði niðurstaða hennar að veita leyfishafa áminningu eða svipta hann leyfi sínu tímabundið eða endanlega skal hún tilkynna honum það og bifreiðastöð þeirri sem hann hefur afgreiðslu hjá. Ábyrgðarbréf skal vera fullnægjandi tilkynning um afgreiðslu máls skv. grein þessari. Um meðferð máls fer eftir ákvæðum stjórnslu-laga nr. 37/1993.

Nú er bifreiðastjóri sviptur atvinnuleyfi sínu samkvæmt framangreindu og er þá leigu-bifreiðastöðvum óheimilt að veita honum afgreiðslu á meðan sviptingin varir.

III. KAFLI

Undanþágur frá akstri eigin bifreiðar.

11. gr.

Gagnagrunnur.

Vegagerðin sér um starfsrækslu gagnagrunns sem m.a. geymir upplýsingar um atvinnuleyfi og heimildir til undanþágu frá akstri eigin bifreiðar. Í hann skulu skráðar nauðsynlegar upplýsingar sem liggja verða til grundvallar við útgáfu atvinnuleyfis og réttinda forfallabí-lstjóra og veitingu undanþágna. Þessar upplýsingar eru m.a. nafn, kennitala, heimilisfang, bifreiðastöð og kallnúmer leigubifreiðastjóra; tegund atvinnuleyfis og hvort það sé virkt eða ekki. Vegagerðin veitir þeim bifreiðastjóráfélögum eða bifreiðastöðvum sem hún metur hæfar heimild til að gefa út undanþágur.

Bifreiðastjóráfélög og bifreiðastöðvar skulu eingöngu hafa aðgang að þeim upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna útprentunar undanþágna. Vegagerðin gerir kröfur um tiltekinn búnað sem þarf til að geta tengst gagnagrunninum og gefið út undanþágur.

Allar bifreiðastöðvar geta fengið heimild Vegagerðarinnar til lágmarksaðgangs að gagnagrunni til að geta sannreynt réttindi atvinnuleyfshafa og forfallabílstjóra.

Vegagerðin setur reglur um aðgang að gagnagrunninum og afgreiðslutíma undanþágna. Við skráningu gagna í gagnagrunninn og meðferð þeirra skal gætt ákvæða laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

12. gr.

Útgáfa skírteina.

Vegagerðin skal sjá um útgáfu skírteina til sönnunar á að ökumaðurinn hafi heimild til aksturs í forföllum atvinnuleyfshafa. Þar skal koma fram nafn ökumanns ásamt mynd, númer skírteinis og gildistími. Endurnýja ber skírteinin á fimm ára fresti.

13. gr.

Undanþágur.

Vegagerðinni er heimilt að fela félögum leigubifreiðastjóra og bifreiðastöðvum að veita leyfshöfum undanþágur frá akstri eigin leigubifreiðar vegna veikinda eða annarra forfalla, orlofs, þ.m.t. fæðingar- og foreldraorlofs, vaktaskipta á álagstímum og viðgerðar eða endurnýjunar á bifreið.

Í öllum tilfellum er leyfshafi ræður forfallabílstjóra til aksturs skal hann áður fá undanþáguheimild. Áður en undanþága tekur gildi skal leyfshafi sjá til þess að afrit hennar berist viðkomandi bifreiðastöð til upplýsingar fyrir hana og trúnaðarmenn. Bifreiðastöð er óheimilt að afgreiða forfallabílstjóra nema að undanþága hafi borist henni úr gagnagrunni Vegagerðarinnar.

Forfallabílstjóri sem akstursheimild tekur til skal hafa afrit undanþágu í viðkomandi bifreið. Leyfshafi varðveitir frumrit undanþágunnar. Útgefandi undanþágunnar skal varðveita eitt afrit.

Telji Vegagerðin að bifreiðastjórafélag brjóta gegn reglum þeim er gilda um veitingu undanþágna ber henni að tilkynna viðkomandi félagi það ásamt áskorun um úrbætur. Verði ekki orðið við áskorun Vegagerðarinnar fellur heimild félagsins til útgáfu undanþágna niður. Vegagerðinni er þó heimilt að veita félagi leigubifreiðastjóra leyfið á ný ef fyrir liggur staðfesting á úrbótum.

14. gr.

Form og efni undanþágna.

Undanþágur skulu gefnar út á númeruðum tölvuprentuðum eyðublöðum í fjórriti sem auðkennd eru með nafni bifreiðastjórafélags eða bifreiðastöðvar sem gefur undanþáguna út. Á henni skal koma fram nafn og stöðvarnúmer og bifreiðastöð forfallabílstjóra og leyfshafa. Auk þess skal tilgreina bílnúmer, tegund undanþágu, gildistíma hennar og takmarkanir.

Vegagerðin skal halda saman upplýsingum um allar útgefna undanþágur frá akstri eigin bifreiðar í gagnagrunni til þess m.a. að unnt sé að staðfesta starfsreynslu við útgáfu atvinnuleyfa.

Heimilt er að veita undanþágur um helgar, helgidaga og aðra frídaga þyki ástæða til. Vegagerðin skal í samráði við félög leigubifreiðastjóra og bifreiðastöðva í hverju umdæmi fyrir sig, samræma þessar undanþágur ásamt tímamörkum.

15. gr.

Undanþágur vegna örorku og aldurs.

Þegar leyfshafi nær 65 ára aldri eða er 65% öryrki er honum heimilt að fá undanþágu frá akstri eigin bifreiðar og er heimilt að gera út bifreið sína frá kl. 20.00 til kl. 08.00 helg-

arnætur. Má leyfishafi ekki aka á milli kl. 20.00 á föstudegi og kl. 08.00 á sunnudegi þá helgi sem undanþágan stendur yfir.

16. gr.

Undanþágur vegna orlofs.

Leyfishafa er heimilt að gera út bifreið sína 35 daga í orlofi. Við hver 5 ár frá leyfisveitingu í samfelldu starfi bætast 7 dagar við orlofsheimildina. Þó má orlofsútgerð aldrei vara lengur en 63 daga á ári. Útgerð í orlofi er að lágmarki fjórir sólarhringar í hvert sinn nema þegar færri en 4 sólarhringar standa eftir af óteknu orlofi skulu þeir teknir út í einu lagi.

Orlofstímabil hefst 1. maí ár hvert og stendur til 30. apríl árið eftir. Heimilt er að færa allt að 20 orlofsdaga á milli tímabila. Undanþágur frá akstri eigin bifreiðar vegna orlofs skulu hefjast kl. 08.00 eða kl. 20.00 og vera að lágmarki fjórir sólarhringar í hvert sinn nema þegar færri en fjórir sólarhringar standa eftir af óteknu orlofi þá skulu þeir teknir út í einu lagi.

Auk þess er heimilt að fá undanþágu frá akstri eigin bifreiðar á meðan á töku fæðingar- eða foreldraorlofs stendur enda liggi fyrir gögn sem staðfesti orlofstökuna.

17. gr.

Undanþágur vegna veikinda.

Heimilt er Vegagerðinni að veita leyfishafa undanþágu frá akstri eigin leigubifreiðar í veikindum í allt að þrjú mánuði á ári sanni hann það með læknisvottorði að hann sé óvinnufær. Heimilt er að framlengja undanþáguna í allt að eitt ár í senn skv. vottorði trúnaðarlæknis Vegagerðarinnar enda liggi fyrir óvinnufærni. Undanþágan verður ekki veitt lengur en í 4 ár. Sækja þarf um heimildir til undanþágu vegna veikinda á þar til gerðu eyðublaði Vegagerðarinnar.

Þá skal undanþága skv. þessari grein einnig háð því að viðkomandi stundi ekki aðra atvinnu á því tímabili sem hún gildir. Undanþágur frá akstri eigin bifreiðar vegna veikinda skulu vara minnst einn sólarhring og hefjast kl. 08.00 eða kl. 20.00.

18. gr.

Akstur á móti forfallabílstjóra.

Veita má leyfishafa heimild til að aka á móti forfallabílstjóra, óski hann þess vegna undangenginna alvarlegra veikinda, frá sunnudegi til föstudags. Leyfishafa er heimilt að aka í allt að sex tíma á dag. Tími þessi skal ákveðinn fyrirfram t.d. kl. 06.00 – 12.00. Forfallabílstjóri má hafa 12 klst. viðveru á dag, t.d. 12.00 – 24.00 mánudag til fimmtudags og frá kl. 20.00 – 08.00 aðfaranætur laugar- og sunnudaga.

Þessi undanþága er þó aldrei heimilud nema þrjú mánuði á hverju almanaksári.

19. gr.

Innlögn atvinnuleyfa.

Vegagerðin getur heimilað leyfishafa að láta atvinnuleyfið ónotað í allt að fjögur ár á hverju 10 ára tímabili. Ekki er hægt að leggja atvinnuleyfið inn skemur en tvo mánuði.

Óski forseti Íslands, ráðherra eða sendiherra erlends ríkis að ráða leyfishafa sem einkabílstjóra á meðan þeir gegna embætti er þeim leyfishöfum heimilt að leggja atvinnuleyfið inn meðan á starfinu stendur. Framkvæmdastjórum bifreiðastöðva og formönnum bifreiðastjórafélaga, sem hafa a.m.k. þriðjung tekna sinna vegna þeirra starfa, er heimilt að leggja inn atvinnuleyfi sín meðan á starfinu stendur.

20. gr.

Gjaldtaka.

Gjald fyrir undanþágu skal innheimt af þeim sem heimild hefur frá Vegagerðinni til útgáfu undanþágna. Leigubifreiðastöðvar og leigubifreiðastjórafélög geta annast veitingu undanþágna á grundvelli upplýsinga í gagnagrunni sem Vegagerðin heldur.

Greiða skal kr. 700 fyrir hverja undanþágu sem veitt er enda sé gildistími hennar ekki lengri en 31 dagur. Fyrir hvert gildistímabil til viðbótar skal greiða sama gjald. Þeir aðilar sem heimild hafa til útgáfu undanþágna skulu halda tekjum af því sérgreindum frá annarri starfsemi.

21. gr.

Eigin bifreið.

Leyfishöfum er heimilt að fá afnot bifreiðar annars leyfishafa í sama umdæmi vegna endurnýjunar eða viðgerðar á bifreið sinni í allt að þrjá mánuði. Slíkt ber að tilkynna Vegagerðinni sem uppfærir gagnagrunn samkvæmt því.

Uppfylli leyfishafi ekki 2. tl. 5. gr. laga um leigubifreiðar að þeim tíma liðnum skal honum skylt að leggja inn atvinnuleyfi sitt tímabundið.

22. gr.

Eftirlit.

Bifreiðastöð eða bifreiðastjórufélag, sem hefur heimild Vegagerðarinnar til þess að annast framkvæmd á veitingu undanþágna skal gera það í samráði við Vegagerðina. Fyllsta jafnræðis skal gætt gagnvart leyfishöfum og forfallabílstjórum.

Bifreiðastöðvum, bifreiðastjórufélögum og Vegagerðinni er skylt að hafa eftirlit með því að reglum þessum um undanþágur sé framfylgt.

Bifreiðastjórufélag, sem fengið hefur framangreinda heimild Vegagerðarinnar skal ráða sér trúnaðarmenn. Tilkynna skal til Vegagerðarinnar hverjir eru trúnaðarmenn. Vegagerðin skal útbúa skilríki fyrir trúnaðarmenn. Skulu leyfishafar og forfallabílstjórar sýna trúnaðarmönnum undanþágur sé þess óskað Telji trúnaðarmaður að lög eða reglur um leigubifreiðar séu brotnar er honum skylt að tilkynna það til síns bifreiðastjórufélags sem skal koma þeim upplýsingum til Vegagerðarinnar svo fljótt sem auðið er.

Eftirlitsmaður Vegagerðarinnar eða lögregla hafa heimild til að skoða skírteini og undanþáguheimildir atvinnuleyfishafa og forfallabílstjóra hvenær sem þess er óskað.

IV. KAFLI

Bifreiðastöðvar.

23. gr.

Skilyrði starfsleyfis bifreiðastöðva.

Í starfsleyfinu skulu koma fram eftirtalin skilyrði:

- Forráðamaður bifreiðastöðvar skal hafa fullnægjandi starfshæfni, þ.e. hafa sótt nám-skeið ætlað leyfishöfum sem Vegagerðin heldur.
- Lágmarksfjöldi atvinnuleyfishafa skal vera 10, þó má víkja frá skilyrði um lágmarks-fjölda á svæðum þar sem íbúar eru færri en 10.000.
- Opnunartími afgreiðslu með símaþjónustu skal vera að lágmarki frá kl. 07.00 – kl. 24.00.
- Bifreiðastöð skal hafa fullnægjandi fjarskiptakerfi (samband milli bíla og stöðvar) að mati Vegagerðarinnar.
- Bifreiðastöð skal hafa tölvubúnað vegna aðgangs að gagnagrunni Vegagerðarinnar.
- Starfsleyfi bifreiðastöðva skal gefið út í fyrsta sinn til eins árs í senn en síðan á fimm ára fresti.

24. gr.

Hlutverk og skyldur.

Vegagerðin veitir bifreiðastöðvum starfsleyfi og hefur eftirlit með þjónustu þeirra. Hver leigubifreiðastöð skal fylgjast með því að ökumenn, sem þar hafa afgreiðslu, fari eftir fyrirmælum laga og reglugerða um leigubifreiðar og tilkynna Vegagerðinni ef út af bregður.

Bifreiðastöð skal fá heimild til lágmarks aðgangs að gagnagrunni Vegagerðarinnar til þess að staðfesta lögmæti atvinnuleyfa og undanþáguheimilda.

Bifreiðastöð skal sjá til þess, að ekki séu notaðar aðrar bifreiðar til leiguaksturs á bifreiðastöð en þær, sem skráðar eru sem leigubifreiðar og er eign viðkomandi leyfishafa eða leyfishafi er skráður fyrsti umráðamaður að skv. samningi við löggilt kaupleigu- eða rekstrarleigufyrirtæki, sbr. lög nr. 23/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Bifreiðastöð skal halda til haga upplýsingum um nýtingu atvinnuleyfa og heildarfjölda ökuferða á viðkomandi stöð og láta Vegagerðinni slíkar upplýsingar í té þegar óskað er eftir þeim.

Bifreiðastöð ber að tilkynna Vegagerðinni um þá atvinnuleyfishafa sem ekki hafa nýtt leyfið sitt í 2 mánuði umfram lögbundnar heimildir. Telji Vegagerðin að bifreiðastöð brjóti gegn reglum þeim er gilda um starfsleyfi bifreiðastöðvar ber henni að tilkynna viðkomandi bifreiðastöð það ásamt áskorun um úrbætur. Verði ekki orðið við áskorun Vegagerðarinnar fellur starfsleyfi hennar niður. Vegagerðinni er þó heimilt að veita bifreiðastöð starfsleyfi á ný ef fyrir liggur staðfesting á úrbótum.

Leyfishafi skal hafa bifreið sína í afgreiðslu hjá bifreiðastöð sem fengið hefur starfsleyfi Vegagerðarinnar. Bifreiðastöð er óheimilt að taka bifreið í afgreiðslu fyrr en tilkynning um útgáfu atvinnuleyfis eða flutning á milli stöðva hefur borist frá Vegagerðinni. Vilji leyfishafi flytja sig á aðra stöð skal hann segja upp stöðvarleyfi sínu með eins mánaðar fyrirvara.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

25. gr.

Eðalvagnþjónusta.

Leyfi til reksturs eðalvagnþjónustu skal að jafnaði veitt til tveggja ára í senn. Umsækjandi um slíkt leyfi skal uppfylla skilyrði 5. gr. laga um leigubifreiðar. Vegagerðin getur afturkallað leyfi ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum laga og reglugerða um leigubifreiðar.

Þjónusta eðalvagna er sérhæfður leiguakstur fólksbifreiða og fellur undir 2. mgr. 1. gr. laga um leigubifreiðar. Til eðalvagna teljast glæsilegar fólksbifreiðar sem flutt geta 4-8 farþega með skilrúmi á milli bílstjóra og farþegarýmis. Slíkar bifreiðar skulu búnar sérþægindum fyrir farþega. Eðalvagnar skulu ekki stunda almennan leiguakstur, heldur aðeins notaðir til sérstakrar viðhafnarþjónustu.

Eðalvagna má einungis nota til aksturs farþega gegn gjaldi samkvæmt fyrirfram gerðri þöntun á þjónustu þeirra. Eðalvagn skal ávallt leigja út með ökumanni.

26. gr.

Gjaldtaka vegna útgáfu atvinnuleyfa.

Greiða skal kr. 10.000 árgjald fyrir hvert atvinnuleyfi. Gjald dagar skulu vera tveir á ári, sá fyrri 15. mars og sá síðari 15. september og eindagar mánuði síðar. Fyrsti gjalddagi eftir gjaldistöku laga um leigubifreiðar skal vera 15. maí 2002.

27. gr.

Brot og gildistaka.

Brot gegn reglugerð þessari geta varðað sektum og/eða leyfissviptingu, sbr. 11. gr. laga nr. 134/2001, um leigubifreiðar.

28. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 134/2001, um leigubifreiðar, öðlast þegar gildi og staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um leigubifreiðar, nr. 189/2002, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 21. maí 2003.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnir.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir allar hafnir sem hafnalög ná til. Heimilt er einstökum höfnum að hækka eða lækka gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari um 20% sjá þó sérstaklega 4. flokk vörugjalda (aflagjald) sem sýndur er í 12. gr.

II. KAFLI

Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestagjöld.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 7,40 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftast en tvisvar í mánuði. Undanþegin greiðsla lestagjalds eru herskip, varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 1,80 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 12 tíma sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftár en 26 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 48,40 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 5,286 á mánuði. Bátar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en kr. 3.459 á mánuði.

Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald.

Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn.

Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fullt vörugjald þegar að vörurnar eru fluttar í land.

9. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Farþegar, bifreiðar þeirra, farangur og vöruflutningar með ferjum og flóabátum sem njóta styrks samkvæmt vegalögum eru undanþegnir vörugjaldi. Heimilt er þó einstökum ferjuhöfnum að taka vörugjöld af vöru í 1., 2. og 3. flokki a), sbr. vörugjaldsflokka í 12. gr.

10. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té afrit af farmskrá.

Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 138,80 fyrir hvert tonn:
Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 267,20 fyrir hvert tonn:
Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 288,50 fyrir hvert tonn:
 - a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávararafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda.
 - b) Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.
Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður.
Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur allskonar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.
 - c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.
Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.
4. fl.: Gjald 1,60%. Einstökum hafnarstjórnnum er heimilt að ákveða gjaldið 20% lægra eða hærra, þ.e. 1,28% – 1,92%:
Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.
Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis.
Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.
Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarstöðs þótt hann vanræki innheimtu þess.
Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.
Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er 3.000 kr. fyrir hvert tonn miðað við 1,6% aflagjald. Hámarksgjaldið skal breytast hlutfallslega í samræmi ákvarðanir einstakra hafnarstjórna um aflagjald og taka gildi á bilinu frá kr. 2.400 allt að kr. 3.600 ef t.d. hafnarstjórn ákveður að nýta alla heimild til hækkunar þ.e. taka 1,92% aflagjald.
Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 109,00.

13. gr.

Heimilt er einstökum höfnum að taka farþegagjald við komu og brottför fyrir hvern full-orðinn farþega og hálf gjald fyrir hvert barn sem fer um höfnina aðra en farþega ferja og flóabáta sem njóta styrks samkvæmt vegalögum. Hafnarstjórn ákveður gjöld fyrir aðra þjónustu hafnarinnar samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum.

14. gr.

Af gjöldum þeim sem þessi gjaldskrá tekur til og reiknuð eru út frá mælieiningu skv. 2. gr. skal veita 17% afslátt vegna olíuflutningaskipa sem geta flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum.

Skilyrði þess að veita afslátt skv. 1. mgr. er að sýnt sé fram á að olíuflutningaskip geti flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum í samræmi við 13. reglu alþjóðasamnings um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá 1973 ásamt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78).

Þessar upplýsingar þurfa að koma fram:

- a) í athugasemdareitnum á alþjóðamælibréfinu sem tilgreint er í 2. gr. gjaldskrár þessarar, og
- b) undir lið 5.2 í fylgiskjali, af gerð B, við alþjóðamengunarvarnaskírteinið (IOPP-skírteinið), sem gefið er út samkvæmt ákvæðum MARPOL 73/78.

III. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

15. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

16. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

17. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheim-

ilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

18. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum sbr. ákvæði 7. gr. hafnalaga.

IV. KAFLI

Frávik og gildistaka.

19. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur ráðherra heimilað einstökum hafnarstjórnnum frávik frá gjaldskrá þessari.

Ef hafnarstjórn óskar frávika frá gjaldskrá þessari skal hún senda hafnaráði rökstudda beiðni þar að lútandi. Hafnaráð leggur síðan tillögur sínar fyrir ráðherra sem ákveður hvort frávik skuli leyfð.

20. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt bráðabirgðaákvæði hafnalaga nr. 61/2003 staðfestist hér með til að öðlast gildi þann 1. júlí 2003 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hafnir nr. 193/2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi skip ekki alþjóðlegt mælibréf, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969 er hafnarstjórn heimilt að miða gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari við brúttórúmlestatölu skips. Þegar svo háttar skal lestagjald vera kr. 14,60 á mælieiningu og bryggjugjald kr. 7,50 á mælieiningu sbr. 4. og 5. gr. gjaldskrár þessarar.

Samgönguráðuneytinu, 21. maí 2003.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Súlunes 33 í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Súlunes 33 í Garðabæ. Í breytingunni felst að heimilað verður að reisa tvíbýlishús í stað einbýlishúss. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreind breyting öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F. h. Garðabæjar, 28. maí 2003,

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 1997 – 2017, Miðtún og umhverfi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. maí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 1997-2017 frá 5. ágúst 1999.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Stofnanasvæði við Bárugerði verður svæði fyrir blandaða landnotkun, þ.e. athafnasvæði og verslun og þjónusta og afmörkun íbúðarsvæðis við Miðtún breytist.
- Athafnasvæði og verslunar- og þjónustusvæði norður af Bárugerði verður svæði fyrir útivist og íþróttir.
- Gatnamót Norðurtúns og Eyrargötu verða lögð niður en göngustígur verður yfir Eyrargötu.
- Opíð grænt svæði við Vallargötu verður íbúðarsvæði.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 20. maí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995 – 2015, Álftanesvegur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. maí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 frá 17. nóvember 1997.

Breytingin felst í því að lega Álftanesvegur breytist og samhliða því eru gerðar tilfærslur á stígakerfi og staðsetningu undirganga. Tillagan er í samræmi við svonefnda leið D sem kynnt var í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar við lengingu Vífilsstaðavegar og lagningu Álftanesvegur. Gert er ráð fyrir mislægum gatnamótum við Engidal og Vífilsstaðavegur er færður lítillaga.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 20. maí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um úrskurðarnefnd siglingamála.

1. gr.

Úrskurðarnefnd siglingamála.

Úrskurðarnefnd siglingamála starfar samkvæmt 13. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, með síðari breytingum.

2. gr.

Kæruréttur.

Ákvarðanir Siglingastofnunar Íslands um útgáfu alþjóðlegra skírteina og áritana, viðurkenningu erlendra skírteina, veitingu eða synjun undanþága, útgáfu öryggisskírteina um lágmarksmönnun o.fl. samkvæmt lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, má kæra til úrskurðarnefndar siglingamála.

Úrskurðarnefnd tekur til úrskurðar að kröfu þess sem verulegra hagsmuna á að gæta ákvarðanir Siglingastofnunar, hvort heldur sem kæra lítur að málsmeðferð eða efni hinnar kærðu ákvörðunar.

3. gr.

Kærufrestur.

Kæru skal beina til úrskurðarnefndar innan fjögurra vikna frá því kæranda var tilkynnt um ákvörðun Siglingastofnunar. Kæru sem berst eftir lok fjögurra vikna kærufrests skal að öllu jöfnu vísa frá nefndinni.

Kærur vegna málsmeðferðar Siglingastofnunar eiga almennt ekki að koma til meðferðar úrskurðarnefndar fyrr en ákvörðun stofnunarinnar liggur fyrir. Beinist kæra að málshraða Siglingastofnunar getur úrskurðarnefndin tekið mál til úrskurðar án undangenginnar ákvörðunar Siglingastofnunar.

4. gr.

Málskotsgjald.

Ásamt kæru til úrskurðarnefndar skal greiða málskotsgjald í samræmi við lög um aukatekjur ríkissjóðs.

Úrskurðarnefnd er heimilt að kveða á um endurgreiðslu á málskotsgjaldi enda sé í öllum meginatriðum fallist á kæru.

Greiði kærandi ekki málskotsgjald innan frests sem nefndin getur sett skal vísa máli frá nefndinni og fellur þá krafa um málskotsgjald niður.

5. gr.

Réttaráhrif kæru.

Kæra til úrskurðarnefndar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar Siglingastofnunar. Úrskurðarnefnd er þó heimilt að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar meðan kæra er til meðferðar þegar sérstakar ástæður mæla með því í samræmi við stjórnsýslulög.

6. gr.

Málskot til dómstóla.

Málskot til dómstóla hindrar ekki að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

7. gr.

Málsmeðferð kæru.

Kæra skal tekin fyrir á þeim stað og tíma sem formaður hefur boðað fund.

Úrskurðarnefndin skal ákveða tímafresti sem tryggja hraða málsmeðferð kærumála. Hafi aðili máls ekki lagt fram gögn innan tilskilinna tímafresta má taka ákvörðun þó það sé til tjóns fyrir þann aðila.

Úrskurðarnefndin getur gefið öllum þeim er verulega hagsmuni hafa af niðurstöðu máls, kost á að tjá sig um efni máls.

8. gr.

Afturköllun kæru.

Sá aðili sem kærir mál til úrskurðarnefndar getur afturkallað kæru sína hvenær sem er á meðan á málsmeðferð stendur.

9. gr.

Úrskurður.

Úrskurður nefndarinnar skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja vikna frá því að kæra berst.

Úrskurðir skulu vera rökstuddir. Í þeim skal greina hvenær mál var kært, nöfn aðila, kröfur aðila, stutt yfirlit um atvik að baki máli og ágreiningsefni í því, helstu málsástæður aðila og réttarheimildir sem þeir byggja á, niðurstöður nefndarinnar og úrskurðarorð.

Álit minnihluta skulu útgefin samhliða álit meirihluta nefndar.

Formaður ritar úrskurði eftir að nefndin hefur komist að niðurstöðu um úrskurðarorð.

Aðilum kærumáls skal kynnt niðurstaða úrskurðarnefndar um siglingamál án tafar.

Úrskurður nefndarinnar er endanlegur á stjórnarsýslustigi.

10. gr.

Ársskýrsla.

Úrskurðarnefnd siglingamála skal skila árlegri skýrslu um starfsemi undangengins árs til samgönguráðherra í janúar ár hvert.

11. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 5. maí 2003.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980 – 2000, brimvarnargarður.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. maí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi.

Breytingin varðar brimvarnargarð sem fyrirhugaður er frá Miðhólma í suðurátt að Skipsbólma og jafnframt tengist hann núverandi brimvarnargarði í norður. Landnotkun vötn, ár og sjór verður iðnaður. Jafnframt er uppdrátturinn staðfærður og færðar inn breytingar sem hafa orðið á hafnarsvæðinu frá staðfestingu aðalskipulagsins, en þær eru: 370 m langur brimvarnargarður, inngarður sem gerður var árið 1989, skjólgarður við smábátahöfn, gerður árið 1998 og 80 m stálbyggja og Löndunarbyggjan gerð árið 2000.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 22. maí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996 – 2015, Geiteyjarströnd.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. maí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 frá 31. desember 1997.

Breytingin felst í því að að gert er ráð fyrir 4.500 m² íbúðarsvæði á jörðinni Geiteyjarströnd.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Samþykki sveitarstjórnar Skútustaðahrepps og Náttúruverndar ríkisins, sbr. lög nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, liggur fyrir og Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 22. maí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995 – 2015, Jófríðarstaðir-Skuld.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. maí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að í stað verslunar- og þjónustusvæðis (gróðrarstöð) kemur íbúðarsvæði við Reynihvamm og Lynghvamm, svæði fyrir þjónustustofnanir merkt S36 stækkar, svæði fyrir þjónustustofnanir merkt S37 minnkar og hluti þess verður íbúðarsvæði og hluti opið svæði til sérstakra nota. Einnig er skilgreind hverfisvernd á opnu svæði til sérstakra nota og felst hverfisverndin í því að hvorki má raska landi né hrófla við minjum. Vegna breytinganna eru gerðar tilfærslur á stofnstíg sem liggur gegnum svæðið.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 20. maí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar 1992 – 2012, Beitistaðir í Leirár- og Melahreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. maí 2003 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 frá 26. apríl 1994.

Breytingin felst í því að landnotkun á hluta jarðarinnar Beitistaða (28,8 ha) meðfram þjóðvegi nr. 504 á svæði sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði verður breytt í frístunda- og íbúðarbyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Leirár- og Melahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 20. maí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Víðistaðasvæði“ vegna stækkunar Víðistaðaskóla í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 4. mars 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Víðistaðasvæði“ vegna stækkunar Víðistaðaskóla í Hafnarfirði.

Farið var með breytinguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 26. maí 2003,

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Klapparhlíðar, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingar á deiliskipulagi Klapparhlíðar, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 26. febrúar 2003.

Deiliskipulagsbreytingin felst í því að byggingarreitum hefur verið breytt, fjölbýlishúsum fjölgað en raðhúsum fækkað. Ibúðum hefur fjölgað úr 200 í 223.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu deiliskipulagsins í samræmi við áður nefnd lög. Deiliskipulagið öðlast gildi við birtingu auglýsingar þessarar.

Mosfellsbæ, 26. maí 2003.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Austurlands nr. 183/2002.

1. gr.

Aftan við 3. gr. bætist eftirfarandi:

Starfsleyfi og leyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun og veitt eru fyrir tímabundna starfsemi í tengslum við stórframkvæmdir tengdar virkjun, álveri, gangnagerð o.þ.h.

Starfsleyfisgjald

kr. 6.000

og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings,

ferðar, úttektar og frágangs,

ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

2. gr.

Aftan við 5. gr. komi eftirfarandi setning:

Heilbrigðiseftirliti Austurlands er heimilt að gera sérstakan reikning vegna eftirlits skv. viðbót við viðauka A, vegna tímabundinnar starfsemi sem tengd er stórframkvæmdum, enda hafi eftirlit sannanlega farið fram.

Ef um annars konar starfsemi verður að ræða á hálendi og/eða í tengslum við stórframkvæmdir verði farið eftir gildandi gjaldskrá og viðauka A, að öðru leyti en því að heimilt er að gjaldtaka akstur sérstaklega skv. tímareikningi, enda falli þá burt úr eftirlitsgjaldi innifalinn kostnaður vegna aksturs, sem er 1,2 klst. Ferðir verði samnýttar eftir föngum og kostnaði deilt milli starfsstöðva og aðila.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er af stjórn Byggðasamlags um heilbrigðiseftirlit og samþykkt af aðildarsveitarfélögum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu.

Eftirfarandi eftirlitsflokkum verði bætt við núverandi viðauka A með gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Austurlands:

VIÐAUKI A

Viðbót vegna stórframkvæmda á Austurlandi:

ÍSAT nr.	Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. eftirlitsferð
55.14.01	Starfsmannabúðir í óbyggðum, <16 manns	25.200
55.14.02	Starfsmannabúðir í óbyggðum, 17-50 manns	30.800
55.14.03	Starfsmannabúðir í óbyggðum, 51-100 manns	36.400
55.14.04	Starfsmannabúðir í óbyggðum, 101-500 manns	64.400
55.14.05	Starfsmannabúðir í óbyggðum, 500-1000 manns	75.600
55.51.0.1	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið allt að 50 gestir	25.200
55.51.0.2	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs (51-100 gestir)	33.600
55.51.0.3	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt (101-500 gestir)	49.000
55.51.0.3	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt (501-1000 gestir)	56.000
41.00.0	Vatnsveitur	32.200
14.21.0.2	Malar- og sandnám; vikurnám í óbyggðum	25.200
50.50.0.0	Bensínstöðvar, sjálfvirkar	16.800
50.50.0.1	Bensínstöðvar aðrar án matvæla	25.200

Annað

ÍSAT nr.	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Eftirlitskostnaður kr. pr. ár
37.20.0.2	Brennur, endurvinnsla úrgangs	0,5	7.560
37.20.0.3	Seyrugryfjur, endurvinnsla	0,5	7.560
37.20.0.4	Jarðboranir	1	15.120

F.h. heilbrigðisnefndar Austurlands, 21. maí 2003.

Helga Hreinsdóttir framkvæmdastjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Hæðarenda, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps hefur samkvæmt 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Hæðarenda í Grímsnes- og Grafningshreppi. Breytingin felst í því að 18 frístundahúsalóðir eru felldar út en í stað þeirra veður svæðið tekið til skógræktar. Tvær lóðir norðan skógræktarsvæðisins eru sameinaðar í eina lóð og 5 lóðir vestan skógræktarinnar stækka til vesturs. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 21. maí 2003.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breyting á aðalnámskrá framhaldsskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytingu á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, svo sem nánar er kveðið á um í auglýsingu þessari.

2. gr.

Skipting námseininga milli námsgreina á félagsfræðabraut í töflu á bls. 22 verður þannig:

Íslenska	15
Stærðfræði	6
Danska ¹	6
Enska	15
Þriðja mál	12
Fjórtða mál	
Félagsfræði	6
Landafræði	3
Saga	9
Samfélagsgreinar skv. ákvörðun skóla	6
Náttúruvísindi	9
Eðlisfræði	
Efnafræði	
Jarðfræði	
Líffræði	
Íþróttir	8
Lífsleikni	3
Samtals	98

3. gr.

Brautarlýsing í kjarna félagsfræðabrautar á bls. 63 orðist svo:

Kjarni		98 ein.
Íslenska	ÍSL 102 202 212 303 403 503	15 ein.
Stærðfræði	STÆ 103/263 203	6 ein.
Erlend tungumál		33 ein.
Enska	ENS 103 203 303 403 503	
Danska ¹	DAN 103 203	
3. erlent mál	103 203 303 403	
Samfélagsgreinar	24 ein.	
Félagsfræði	FÉL 103 203	
Landfræði	LAN 103	
Saga	SAG 103 203 303	
Samfélagsgreinar samkv. ákvörðun skóla		6 ein.
Lífsleikni	LKN 103/101 111 121	3 ein.
Náttúruvísindi	NÁT 103 113 123	9 ein.
Íþróttir – líkams- og heilsurækt	ÍÞR 101 111 201 211 + 4	8 ein.

4. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 20. maí 2003.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Árnason.

¹ Norska/sænska.

AUGLÝSING

um friðlýsingu húss sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001.

MENNTAMÁLARÁÐHERRA

gjörir kunnugt:

Með vísan til 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001, hefur menntamálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu húsafriðunarnefndar ríkisins að friða ytra borð og fyrirkomulag stiga við anddyri Héraðsskólans á Laugarvatni.

Ritað á Laugarvatni, 12. apríl 2003.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Árnason.

AUGLÝSING

um friðlýsingu húss sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001.

MENNTAMÁLARÁÐHERRA

gjörir kunnugt:

Með vísan til 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001, hefur menntamálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu húsafriðunarnefndar ríkisins að friða aðalbyggingu, anddyri, forsal, hátíðarsal og kapellu Háskóla Íslands.

Ritað í Reykjavík, 26. apríl 2003.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Árnason.

AUGLÝSING

um friðlýsingu húsa sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001.

MENNTAMÁLARÁÐHERRA

gjörir kunnugt:

Með vísan til 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001, hefur menntamálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu húsafriðunarnefndar ríkisins að friða ytra og innra borð Listasafns Einars Jónssonar ásamt föstum og uprunalegum innréttingum.

Með vísan til 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001, hefur menntamálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu húsafriðunarnefndar ríkisins að friða ytra og innra borð almenningsrýma Norræna hússins.

Með vísan til 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001, hefur menntamálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu húsafriðunarnefndar ríkisins að friða laug, búningsklefa og sturtur Sundhallar Reykjavíkur.

Með vísan til 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001, hefur menntamálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu húsafriðunarnefndar ríkisins að friða forsali og aðalsal Þjóðleikhússins.

Ritað í Reykjavík, 25. apríl 2003.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Árnason.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Háholts 11-15, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar, á fundi sínum þann 23. maí 2003.

Breytingin felst í því að stærð lóða og byggingareita er breytt. Auk þess sem aðkomu að lóð Háholts 11 er breytt.

Uppdráttur og skýringarmynd hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og við gildistöku þess fellur úr gildi eldra deiliskipulag.

Mosfellsbæ, 22. maí 2003.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

REGLUGERÐ

um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið, markmið og tilgangur.

Reglugerð þessi og viðaukar hennar taka til farþegaskipa og flutningaskipa samkvæmt 2. gr. laga nr. 76/2001.

Markmið og tilgangur þessarar reglugerðar er að tryggja öryggi áhafna, farþega og íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa og efla varnir gegn mengun sjávar. Þessu markmiði skal náð með því að gera tilteknar og skýrar kröfur um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn þeirra sem starfa um borð í íslenskum farþegaskipum og flutningaskipum og tryggja með því eins og kostur er faglega hæfni íslenskra áhafna miðað við stærð og gerð skips, verkefni þess, úthald og farsvið.

2. gr.

Orðskýringar.

Að því marki sem hugtök eru ekki skilgreind í lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, er merking hugtaka í reglugerð þessari sem hér segir:

1. *Alþjóðasamþykktin* er alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW) frá 1978 með síðari breytingum.
2. *STCW-kóði* er safn reglna um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna eins og þær voru samþykktar með ákvörðun ráðstefnu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) árið 1995, með síðari breytingum.
3. *Viðurkennt* er viðurkennt af Siglingastofnun Íslands.
4. *Fjarskiptastörf* ná til vaktstöðu, notkunar, viðhalds og viðgerða á tækjabúnaði sem framkvæmd eru í samræmi við alþjóðaradíoreglugerðina, alþjóðasamning um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS) og samkvæmt ákvörðun Siglingastofnunar Íslands og tilmælum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), eftir því sem við á.

5. *Mánuður* telst 30 dagar.
6. *Siglingatími* er viðurkenndur starfstími um borð í skipi sem er í förum og krafist er vegna útgáfu skírteinis.
7. *Afmörkuð hafsvæði* eru skilgreind í III. viðauka við reglugerð þessa.
8. *Fræðsla um borð* er verklegt nám um borð í skipi sem liður í viðurkenndu námi sjómanna og skjalfest er í þjálfunarbók.
9. *Þjálfunarbók* er bók sem gefin er út eða viðurkennd af Siglingastofnun Íslands þar sem skráð eru verkefni sem falla undir fræðslu um borð og skal fullnægjandi framkvæmd þeirra staðfest af yfirmanni eftir því sem við á.
10. *Neyðartilvik* er atvik þar sem bráð hætta, slys, hamfarir eða þess háttar rekur til skjótra aðgerða.

3. gr.

Menntun og þjálfun.

Nám og kennsla.

Sjómannaskólar starfa samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996 og í samræmi við 3. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001. Nám í sjómannaskóla vegna þeirra skírteina sem lög nr. 76/2001 kveða á um skal vera í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla sem menntamálaráðherra gefur út og fullnægja ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar að því er varðar námsefni, hæfi kennara, leiðbeinenda og prófdómara, námsgögn, tæki og búnað til verklegrar þjálfunar svo og önnur ákvæði samþykktarinnar er varða sjómannamenntun.

Þeir sem sjá um fræðslu um borð í skipi og að meta hana skulu gæta þess að það hafi ekki áhrif á skyldustörf þeirra um borð og öryggi skipsins.

Kennarar, leiðbeinendur og prófdómarar.

Um starfsréttindi kennara í sjómanskólum fer samkvæmt lögum um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólustjóra nr. 86/1998. Skólameistari sjómannaskóla ræður kennara til starfa og ber ábyrgð á því að þeir uppfylli skilyrði fyrrgreindra laga og skilyrði um þá menntun og hæfni sem krafist er í alþjóðasamþykktinni.

Sá sem annast mat á starfshæfni nemenda um borð í skipi eða gegnir stöðu prófdómara skal, eftir því sem við á:

- hafa nauðsynlega þekkingu og skilning á þeirri starfshæfni sem meta skal,
- hafa hlotið fullnægjandi leiðsögn í matsaðferðum og framkvæmd þeirra,
- hafa öðlast verklega reynslu í mati, og
- hafa öðlast reynslu í námsmati á þeirri tegund siglinga- eða vélhermis undir yfirstjórn reynds prófdómara.

Sjómannaskólar.

Siglingastofnun Íslands, eða annar viðurkenndur aðili sem samgönguráðuneyti og menntamálaráðuneyti tilnefna, skal staðfesta með vottun að nám og kennsla í sjómannaskóla sé í samræmi við viðurkennda gæðastaðla eða kröfur alþjóðasamþykktarinnar þar með talið að kröfum 4. gr. reglugerðar þessarar sé fullnægt. Slík vottun skal gilda til 5 ára í senn. Að þeim tíma liðnum skulu sjómannaskólar endurnýja umsóknir sínar um vottun og leggja fram öll tilskilin gögn því til staðfestingar að skólinn fullnægi kröfum alþjóðasamþykktarinnar.

Sé það mat Siglingastofnunar Íslands eða þeirrar stofnunar sem tilnefnd er skv. 1. mgr. að sjómannaskóli fullnægi ekki þeim kröfum sem settar eru í alþjóðasamþykktinni er stofninn skyldur að fella áður útgefna vottun úr gildi svo lengi sem slíkt ástand varir.

4. gr.

Skírteini.

Um útgáfu skírteina fer eftir ákvæðum 4. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001.

Skilyrði skírteina.

Sérhver umsækjandi skírteinis skal fullnægja ákvæðum þessarar reglugerðar um menntun, fræðslu um borð í skipum ef við á, siglingatíma og aldur. Jafnframt skal hann fullnægja ákvæðum I. viðauka þessarar reglugerðar um sjón, heyrn og aðrar heilbrigðiskröfur.

Siglingatími.

Umsækjanda skírteinis er skylt að færa sönnur á siglingatíma sem hann telur sig hafa að baki. Unnt er að færa sönnur á siglingatíma með staðfestingu lögskráningarstjóra eða rétt útfylltri sjóferðabók.

Umsækjandi skírteinis sem kveðst hafa að baki siglingatíma á skipi sem ekki er skráð á Íslandi skal færa sönnur á þann siglingatíma með sjóferðabók eða á annan fullnægjandi hátt að mati Siglingastofnunar Íslands. Ef vafi leikur á um réttmæti þeirrar sönnunar skal Siglingastofnun Íslands í því tilviki skera úr um siglingatíma.

Skírteini til starfa um borð í tilteknum skipum.

Siglingastofnun Íslands gefur út skírteini sem krafist er til starfa á tilteknum tegundum skipa í samræmi við alþjóðasamþykktina, t.d. til starfa á ekjufarþegaskipum, tankskipum, olíuflutningaskipum, efnaflutningaskipum og gasflutningaskipum.

Fjarskiptastörf.

Siglingastofnun Íslands, eða Póst- og fjarskiptastofnun í hennar umboði, gefur út skírteini sem krafist er til fjarskiptamanna í samræmi við alþjóðasamþykktina og alþjóðaradíóreglugerðina og reglugerð um fjarskiptastörf á skipum og fjarskiptabúnað skipa, sbr. 15. gr. reglugerðar um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa nr. 53/2000.

Sá sem er ábyrgur fyrir fjarskiptavakt skal vera handhafi viðeigandi skírteinis fjarskiptamanns í samræmi við alþjóðaradíóreglugerðina.

Á hafsvæði STK og A1 skal sá sem er ábyrgur fyrir GMDSS-fjarskiptum vera handhafi takmarkaðs skírteinis fjarskiptamanns (ROC, Restricted Operator's Certificate).

Á hafsvæðum A2, A3 og A4 skal sá sem er ábyrgur fyrir fjarskiptum vera handhafi almenns skírteinis fjarskiptamanns (GOC, General Operator's Certificate).

Menntunarkröfur til þeirra sem annast fjarskipti skulu vera í samræmi við ályktun IMO A 703 (17), grein S47 í alþjóðaradíóreglugerðinni og III. kafla alþjóðasamþykktarinnar.

Varðveisla skírteina.

Sérhvert skírteini sem krafist er samkvæmt reglugerð þessari og alþjóðasamþykktinni skal varðveitt um borð í skipi sem lögmætur handhafi þess starfar á og skal sýnt ef skoðunarmaður eða löggæslumaður biður um það.

Skrá yfir skírteini.

Siglingastofnun Íslands skal halda skrá yfir öll útgefin skírteini, endurútgefin skírteini, skírteini sem hafa verið afturkölluð, ógilt skírteini, undanþágur vegna skírteina og skírteini sem hafa verið tilkynnt glötuð. Siglingastofnun er heimilt að veita stjórnvöldum ríkja sem eru aðilar að alþjóðasamþykktinni aðgang að slíkri skrá.

5. gr.

Gildistími og endurnýjun skírteina.

Um gildistíma og endurnýjun skírteina fer eftir ákvæðum 5. gr. laga nr. 76/2001. Við endurnýjun skírteina skal framvísa frumritum þeirra skírteina sem endurnýja á.

6. gr.

Viðurkenning erlendra skírteina.

Um viðurkenningu erlendra skírteina fer eftir ákvæðum 6. gr. laga nr. 76/2001 og II. viðauka við reglugerð þessa.

7. gr.

Vaktstaða.

Um vaktstöður um borð fer eftir ákvæðum 7. gr. laga nr. 76/2001 og reglugerðar um vaktstöður um borð í íslenskum farþegaskipum og flutningaskipum, nr. 599/2001.

8. gr.

Undanþágur.

Um undanþágur fer eftir ákvæðum 8. gr. laga nr. 76/2001.

Umsókn um undanþágu skal senda Siglingastofnun Íslands á sérstöku eyðublaði sem stofnunin lætur gera. Umsókn skal fylgja undanþágugjald sem ákveðið er í gjaldskrá stofnunarinnar. Siglingastofnun er óheimilt að afgreiða umsókn um undanþágu fyrr en undanþágugjald hefur verið greitt. Þegar sótt er um undanþágu skal fylgja fullnægjandi sönnun þess að starfið hafi verið auglýst nema um neyðartilvik sé að ræða.

Siglingastofnun Íslands getur, í undantekningartilfellum og þegar menn með tilskilin réttindi vantar til starfa um borð, veitt undanþágu til þess að gegna stöðu á tilteknu skipi til allt að 6 mánaða í senn. Slík undanþága skal því aðeins veitt að Siglingastofnun telji að öryggi mannlífa, eigna eða umhverfis verði ekki stefnt í hættu og að sá sem undanþáguna á að fá sé að mati Siglingastofnunar hæfur til að annast starfið á öruggan hátt. Undanþágu má ekki veita til að gegna stöðu skipstjóra eða yfirvélstjóra nema í neyðartilvikum og þá aðeins í eins skamman tíma og unnt er. Við alvarleg veikindi eða fráfall skírteinishafa þegar skip er á hafi úti er þeim sem gegnir næstu lægri stöðu ætíð heimilt að taka við starfi þess sem veikist eða fellur frá og ljúka sjóferðinni.

Ef ekki er krafist skírteinis í næstu stöðu fyrir neðan má veita þeim undanþágu sem að mati Siglingastofnunar Íslands hefur til þess nægilega þekkingu og reynslu.

Óski maður eftir stöðu, sem hann hefur tilskilið skírteini til að gegna og veitt hefur verið undanþága til, skal undanþágan felld úr gildi. Afturköllun undanþágu skal að jafnaði taka gildi þegar skipið kemur til hafnar, enda sé sá sem tilskilið skírteini hefur tilbúinn að taka við starfi þess sem veitt var undanþága til að gegna stöðunni.

Undanþáguna má aðeins veita þeim sem hefur skírteini til að gegna næstu lægri stöðu sem undanþágu á að veita til, skv. eftirfarandi röðun skírteina skipstjórnar- og vélstjórnarmanna eða til þess sem lokið hefur sömu menntun og þjálfun og krafist er til starfsins sem veita á undanþáguna til en hefur ekki náð tilskildum siglingatíma til að fá útgefið skírteini til þess starfs:

Skírteini skipstjórnarmanna:

- | | |
|------------------------------|--|
| 1. Skipstjóri | engar takmarkanir |
| 2. Yfirstýrimaður | engar takmarkanir |
| 3. Skipstjóri | skip minna en 3000 brúttótonn |
| 4. Yfirstýrimaður | skip minna en 3000 brúttótonn |
| 5. Stýrimaður (rekstrarsvið) | engar takmarkanir |
| 6. Skipstjóri | skip minna en 500 brúttótonn í strandsiglingum |
| 7. Yfirstýrimaður/stýrimaður | skip minna en 500 brúttótonn í strandsiglingum |
| 8. Skipstjóri/stýrimaður | skip 65 brúttótonn eða minna í innanlandssiglingum |

Skírteini vélstjórnarmanna:

- | | |
|-----------------------------|-------------------------------------|
| 1. Yfirvélstjóri | engar takmarkanir |
| 2. 1. vélstjóri | engar takmarkanir |
| 3. Yfirvélstjóri | skip með aðalvél minni en 3000 kW. |
| 4. 1. vélstjóri | skip með aðalvél minni en 3000 kW. |
| 5. Vélstjóri (rekstrarsvið) | engar takmarkanir |
| 6. Vélstjóri | skip með aðalvél minni en 750 kW. |
| 7. Vélstjóri | skip með aðalvél til og með 375 kW. |

9. gr.

Eldri skírteini.

Um útgáfu skírteina sem gefin hafa verið út skv. lögum sem fallin eru úr gildi fer eftir ákvæðum 9. gr. laga nr. 76/2001.

Sá sem er lögmætur handhafi skírteinis, þegar reglugerð þessi öðlast gildi, skal halda sínu skírteini svo lengi sem gildistími þess rennur ekki út, enda fullnægi hann öðrum skilyrðum. Heimilt er að gefa út ný skírteini til starfa á íslenskum farþegaskipum og flutningaskipum skv. þessari reglugerð í stað þeirra eldri á þann hátt sem III. viðauki með reglugerð þessari kveður á um.

10. gr.

Ábyrgð útgerðarmanns og skipstjóra.

Um ábyrgð útgerðarmanns og skipstjóra fer eftir ákvæðum 10. gr. laga nr. 76/2001 og IV. viðauka við reglugerð þessa.

II. KAFLI

Farþegaskip og flutningaskip.

11. gr.

Skírteini áhafnar.

Sá einn sem er lögmætur handhafi skírteinis hefur rétt til starfa um borð í farþegaskipum og flutningaskipum. Eftirfarandi skírteini til skipstjórnar skulu gefin út að uppfylltum skilyrðum um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn:

Stjórnunarsvið:	Stig stýrimanna- skóla:	Takmarkast við:	Aldur:	Siglinga- tíma
Skipstjóri/stýrimaður		< 65 brúttótonn og minni í innan- landssiglingum	20	A
Yfirstýrimaður/stýrimaður	1	< 500 brúttótonn í strandsiglingum	18	B
Skipstjóri	1	< 500 brúttótonn í strandsiglingum	20	C
Yfirstýrimaður	2	< 3000 brúttótonn	20	D
Skipstjóri	2	< 3000 brúttótonn	20	E
Yfirstýrimaður	3	engar	20	F
Skipstjóri	3	engar	20	G
Rekstrarsvið:				
Stýrimaður	2	engar	18	H
Stoðsvið:				
Aðstoðarmaður í brú	námskeið	engar	16	I

Siglingatími:

- A. 18 mánuðir sem háseti á skipi.
 B. 12 mánaða siglinga- og námstími, enda hafi umsækjandi fengið fræðslu um borð og sá tími verið skráður í þjálfunarbók eða að öðrum kosti 36 mánaða siglingatími sem háseti á skipi. Umsækjandi skal uppfylla kröfur til að öðlast skírteini fjarskiptamanns.

- C. 12 mánaða siglingatími sem stýrimaður á skipi sem er stærra en 100 brúttótonn.
- D. 12 mánaða siglingatími sem stýrimaður á skipum sem eru 500 brúttótonn eða stærr.
- E. 36 mánaða siglingatími sem stýrimaður á skipum sem eru 500 brúttótonn eða stærr, sem má stytta í 24 mánuði ef umsækjandi hefur þar af gegnt stöðu yfirstýrimanns í 12 mánuði.
- F. 12 mánaða siglingatíma sem stýrimaður á skipum sem eru 500 brúttótonn eða stærr.
- G. 36 mánaða siglingatími sem stýrimaður á skipum sem eru 500 brúttótonn eða stærr, sem má stytta í 24 mánuði ef umsækjandi hefur þar af gegnt stöðu yfirstýrimanns í 12 mánuði.
- H. 12 mánaða siglinga- og námstími, enda hafi umsækjandi fengið fræðslu um borð og sá tími verið skráður í þjálfunarbók eða að öðrum kosti 36 mánaða siglingatími sem háseti á skipi. Umsækjandi skal uppfylla kröfur til að öðlast skírteini fjarskiptamanns.
- I. Að lágmarki 6 mánaða siglinga- og námstími skráður í þjálfunarbók.

Eftirfarandi skírteini til vélstjórnar skulu gefin út að uppfylltum skilyrðum um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn:

Stjórnunarsvið:	Stig vélskóla:	Takmarkast við:	Aldur:	Siglinga- tími:
Vélstjóri	1.	≤ 375 kW	18	A
Vélstjóri	2.	< 750 kW	18	B
1. vélstjóri	3.	< 3000 kW	20	C
Yfirvélstjóri	3.	< 3000 kW	20	D
1. vélstjóri	4.	engar	20	E
Yfirvélstjóri	4.	engar	20	F
Rekstrarsvið:				
Vélstjóri	2.	engar	18	G
Stoðsvið:				
Aðstoðarmaður í vélnámskeið		engar	16	H

Siglingatími:

- A. 9 mánaða siglinga- og námstími.
- B. 9 mánaða siglingatími sem vélstjóri á skipi eða aðstoðarmaður í vél.
- C. 12 mánaða siglingatími sem vélstjóri á skipi með aðalvél stærr en 750 kW.
- D. 24 mánaða siglingatími sem vélstjóri á skipum með aðalvél 750 kW, þar af 12 mánaða siglingatími eftir að hafa öðlast réttindi til að starfa sem 1. vélstjóri.
- E. 12 mánaða siglingatími sem vélstjóri á skipi með aðalvél stærr en 750 kW.
- F. 36 mánaða siglingatími sem vélstjóri á skipi með aðalvél stærr en 750 kW, þar af 12 mánaða siglingatími eftir að hafa öðlast réttindi til að starfa sem 1. vélstjóri.
- G. 30 mánaða siglinga- og námstími, enda hafi umsækjandi fengið fræðslu um borð og sá tími verið skráður í þjálfunarbók, þar af 6 mánuðir sem aðstoðarmaður í vél.
- H. Að lágmarki 6 mánaða siglinga- og námstími.

12. gr.

Öryggismönnun og skírteini.

Um öryggismönnun skipa fer eftir ákvæðum 12. gr. laga nr. 76/2001 og V. viðauka við reglugerð þessa. Skipstjórnarmenn farþegaskipa og flutningaskipa skulu hafa yfir að ráða eftirfarandi skírteinum miðað við stærð og farsvið skipsins og þann fjölda skipstjórnarmanna sem tilgreindur er í skírteini um öryggismönnun skipsins:

Stærð og farsvið ≤ 65 brúttótonna í innanlands- siglingum	Skipstjóri Skipstjóri/stýrimaður á skipum 65 brúttótonn og minni	Yfirstýrimaður/Stýrimaður Skipstjóri/stýrimaður á skipum 65 brúttótonn og minni
< 500 brúttótonn í strandsiglingum	Skipstjóri á skipum minni en 500 brúttótonn í strandsiglingum. (STCW II/3 as Master)	Yfirstýrimaður/stýrimaður á skipum minni en 500 brúttótonn í strandsiglingum. (STCW II/3 as Watchkeeping Officer)

Stærð < 3000 brúttótonn	Skipstjóri Skipstjóri á skipum minni en 3000 brúttótonn. (STCW II/2 as Master)	Yfirstýrimaður Yfirstýrimaður á skipum minni en 3000 brúttótonn. (STCW II/2 as Chief mate)	Stýrimaður Stýrimaður engar takmarkanir (STCW II/1 as Watchkeeping Officer)
≥ 3000 brúttótonn	Skipstjóri engar takmarkanir (STCW II/2 as Master)	Yfirstýrimaður engar takmarkanir (STCW II/2 as Chief mate)	Stýrimaður engar takmarkanir (STCW II/1 as Watchkeeping Officer)

Vélstjórnarmenn skulu hafa yfir að ráða eftirfarandi skírteinum miðað við vélarstærð skipsins og þann fjölda vélstjórnarmanna sem tilgreindur er í skírteini um öryggismönnum skipsins:

Vélarafi ≤ 375 kW	Yfirvélstjóri Vélstjóri á skipum með aðalvél 375 kW eða minni	1. vélstjóri	Vélstjóri (rekstrarsvið)
< 750 kW	Vélstjóri á skipum með aðalvél 750 kW eða minni		Aðstoðarmaður í vél (STCW III-4 as Rating)
< 3000 kW	Yfirvélstjóri á skipum með aðalvél minni en 3000 kW (STCW III/3 as Chief Engineer)	1. vélstjóri á skipum með aðalvél minni en 3000 kW (STCW III/3 as 2 nd Engineer)	Vélstjóri engar takmarkanir (STCW III/1 as Watchkeeping Officer)
≥ 3000 kW	Yfirvélstjóri engar takmarkanir (STCW III/2 as Chief Engineer)	1. vélstjóri engar takmarkanir (STCW III/2 as 2 nd Engineer)	Vélstjóri engar takmarkanir (STCW III/1 as Watchkeeping Officer)

13. gr.

Úrskurðarnefnd siglingamála.

Um úrskurðarnefnd siglingamála fer eftir ákvæðum 13. gr. laga nr. 76/2001 og reglugerð um úrskurðarnefnd siglingamála, nr. 402/2003.

14. gr.

Gjöld.

Greiða skal gjald fyrir útgáfu skírteina, viðurkenningu erlendra skírteina, veitingu undanþágna og útgáfu skírteina um öryggismönnun samkvæmt gjaldskrá Siglingastofnunar Íslands. Gjöldin skulu standa undir kostnaði stofnunarinnar vegna afgreiðslu þeirra.

15. gr.

Refsiákvæði.

Um brot á reglugerð þessari fer eftir ákvæðum 15. og 16. gr. laga nr. 76/2001.

16. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 76/2001, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Höfð var hliðsjón af tilskipun ráðsins 2001/25/EB frá 4. apríl 1994 um lágmarkspjálfun sjómanna. Jafnframt falla úr gildi ákvæði reglugerðar um lánasjóð nemenda sjómannaskólanna, nr. 429/1986, reglugerðar um styrktarsjóð til öflunar atvinnuréttinda á skipum, nr. 415/1988 og reglugerðar um áhafnir íslenskra kaupskipa, nr. 269/1996.

Samgönguráðuneytinu, 21. maí 2003.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

I. VIÐAUKI

Skilyrði um sjón, heyrn og aðrar heilbrigðiskröfur.

1. Viðauki þessi gildir um skilyrði sem gera skal varðandi sjón, heyrn og heilbrigði skipstjórnarmanna, vélstjórnarmanna á íslenskum farþegaskipum og flutningaskipum og læknisvottorð þar að lútandi. Sömu kröfur skal gera til aðstoðarmanna, sbr. 4. mgr. 8. gr. sjómanna-laga nr. 35/1985.
2. Læknar, sem hafa lækningaleyfi til starfa á Evrópska efnahagssvæðinu, geta gefið út læknisvottorð um að umsækjandi skírteinis skv. reglugerð þessari sé fær um að gegna viðkomandi stöðu af heilsufarsástæðum. Að jafnaði skal heimilislæknir umsækjanda annast læknisskoðunina og gefa út vottorðið. Vottorðin skulu rituð á eyðublöð, sem samgönguráðuneytið lætur í té. Læknisskoðun, sjónpróf og heyrnarpróf skal fara fram, þegar sótt er um inntöku í stýrimannaskóla, vélskóla eða námskeið sem veitir rétt til skírteinis skv. reglugerð þessari. Skilyrði fyrir inntöku skulu vera að umsækjandi fullnægi kröfum 4., 5., 10. og 13. tölul. þessa viðauka. Læknisskoðun, sjónpróf og heyrnarpróf skal fara fram fyrir útgáfu og endurnýjun atvinnuskírteinis á fimm ára fresti. Læknisvottorð skal eigi vera eldra en sex mánaða þegar skírteini er gefið út eða endurnýjað. Umsækjandi skal áður en læknisvottorð er gefið út sanna með persónuskilríkjum eða á annan fullnægjandi hátt að hann sé sá sem hann segist vera.
3. Í augum eða tengdum líffærum skal ekki vera til staðar neitt sjúklegt ástand, sem skert geti hæfni skipstjórnar-, vélstjórnar- eða aðstoðarmanns og ógnað öryggi við skyldustörf.
4. Skipstjórnar-, vélstjórnar- og aðstoðarmenn skulu sanna með læknisvottorði að þeir hafi a.m.k. þá sjónskerpu, sem hér segir:

Sjónskerpa með eða án gleraugna eða linsa		Lágmarks sjónskerpa án gleraugna eða linsa	
Betra auga: 1,0 eða 0,67	Lakara auga: 0,25 eða 0,33	Betra auga: 0,2	Lakara auga: 0,2
Lestrarsjónskerpa:			
Í 30 - 40 cm fjarlægð: N5 (um það bil 1,5 mm stafahæð hástafa)			
Í 100 cm fjarlægð: N14 (um það bil 4 mm stafahæð hástafa)			

5. Skipstjórnarmenn og aðstoðarmenn í brú skulu sanna að þeir hafi óskert sjónsvið og fullkomið litskyggni. Sjónsvið er nægilegt að prófa með hendi eða svonefndri „konfrontationsaðferð“ (aðferð Donders). Tekið er fram að hver fjórðungur sjónsviðs skal þannig prófaður frá miðju en ekki í láréttu eða lóðréttu plani. Litskyggni skal prófað með viðurkenndum litatöflum (Stillings, Ishiharas eða öðrum jafngildum pseudoisochromatískum töflum). Þá má einnig beita prófun í aðgreiningu hliðarljósa (svonefndri lanternuprófun) en þess skal þá sérstaklega getið á augnvottorði. Vélstjórnarmenn og aðstoðarmenn í vél skulu geta greint mun á rauðum og grænum lit.

6. Við ofangreint sjónpróf er heimilt að nota gleraugu eða augnlinsur. Sjón skal einnig prófuð án leiðréttingar með glerjum eða linsum og skal sjónskerpan vera minnst 0,2 (6/30) án leiðréttingar.

7. Ef umsækjandi (skírteinishafi) uppfyllir skilyrði 4. liðar um sjónskerpu einungis með gleraugum eða linsum skal honum skylt að nota gleraugu eða linsur og hafa að auki varagleraugu eða varalinsur um borð í skipinu þegar hann er við störf.

8. Læknir sá, sem prófar, skal spyrja þann, sem prófaður er, um hæfileika hans til að greina hluti í dimmu. Komi eitthvað í ljós við læknisskoðunina er bendi til óeðlilegrar náttblindu, skal umsækjandi (skírteinishafi) gangast undir náttblindupróf (adaptationspróf) og þess getið á sjónvottorðinu. Mikil náttblinda veldur réttindamissi um stundarsakir eða að fullu ef ólæknandi reynist.

9. Við ákvörðun heyrnar skal notaður heyrnarmælir af gerð sem Heyrnar- og talmeinstöð Íslands metur fullnægjandi. Umsækjanda (skírteinishafa) ber skylda til að veita lækni þeim sem framkvæmir rannsóknina réttar upplýsingar um einkenni heyrnardeyfu eða svima hafi þeirra orðið vart. Heyrnarpróf skal framkvæma í kyrrlátu herbergi. Æskilegt er að umsækjandi hafi ekki verið í hávaða í a.m.k. 40 klukkustundir áður en heyrnarpróf fór fram.

10. Kröfur um lágmarksheyrn skipstjórnar-, vélstjórnar- og aðstoðarmanna skulu vera sem hér segir:

Við inngöngu í skóla eða á námskeið og við útgáfu skírteinis í fyrsta sinn:				Kröfur við endurnýjun skírteinis:			
0,5 - 1-2 kílórið		3 - 4 kílórið		0,5 - 1-2 kílórið án heyrnartækis eða með heyrnartæki		3 - 4 kílórið án heyrnartækis eða með heyrnartæki	
Betra eyra 25 dB	Lakara eyra 35 dB	Betra eyra 35 dB	Lakara eyra 45 dB	Betra eyra 35 dB	Lakara eyra 45 dB	Betra eyra 45 dB	Lakara eyra 55 dB

11. Við endurnýjun skírteinis er heimilt að nota heyrnartæki í heyrnarprófinu, en ekki við umsókn í fyrsta sinn eða inngöngu í skóla eða á námskeið. Leiki vafi á hvort heyrn umsækjanda sé fullnægjandi samkvæmt ofangreindu má vísa viðkomandi til Heyrnar- og talmeina- stöðvar Íslands til frekari heyrnarrannsóknar. Skírteinishafar sem ekki uppfylla skilyrðin nema með heyrnartæki skulu gangast undir heyrnarrannsókn á tveggja ára fresti.

12. Eftir 20 ára starf má lágmarksheyrn (heyrnarþröskuldur) vélstjórnarmanns eða aðstoðarmanns í vél við tíðni yfir 2,0 kílórið (þ.e. við 3,0 eða 4,0 kílórið) vera lakari en samkvæmt ofangreindu, svo fremi að heyrnarþröskuldur við tíðni 0,5 1,0 og 2,0 kílórið sé eðlilegur (ekki lakari en 25 dB), enda álíti læknirinn að heyrnarskemmdin sé af völdum hávaða. Í þessum undantekningartilvikum skal heyrnarrannsóknin framkvæmd af sérfræðingi í eyrnasjúkdómum og gerir hann eftir atvikum tillögu um hvort skírteinishafi skuli metinn hæfur eða ekki.

13. Skipstjórnar-, vélstjórnar- eða aðstoðarmaður skal ekki vera haldinn neinum þeim sjúkdómi, t.d. taugasjúkdómi, geðsjúkdómi eða hjartasjúkdómi, sem ógnað geti öryggi skips og áhafnar eða skert verulega hæfni hans í starfi. Það er mat hlutaðeigandi læknis í hverju tilviki hvort sjúkdómur sé þess eðlis eða á því stigi, að skipstjórnar-, vélstjórnar- eða aðstoðarmaðurinn uppfylli þetta skilyrði. Ef handhafi atvinnuskírteinis verður fyrir slysi eða sjúkdómi, sem skerðir sjón, heyrn eða heilbrigði hans, er honum skylt að gangast undir læknis- skoðun til að ganga úr skugga um, að hann uppfylli kröfur þessar. Uppfylli hann ekki kröfurnar skal fella skírteinið úr gildi. Að lokinni lækni meðferð eða endurhæfingu getur hann sótt um atvinnuskírteini að nýju.

14. Vilji vottorðspiggjandi ekki una úrskurði læknis um hæfni til starfa samkvæmt viðauka þessum hefur hann rétt á að gangast undir læknisskoðun á ný. Skal nefnd er ráðherra skipar og í eru tveir siglingafróðir menn og einn læknir skera úr um hæfni umsækjanda. Gert er ráð fyrir að læknirinn sé sérfróður á því sviði er við á í hverju tilviki. Nefndin sker úr um vafaatriði. Hún getur ekki veitt undanþágu frá ákvæðum 2. - 11. tölul. þegar um vottorð í fyrsta eða annað sinn er að ræða, þ.e. við inngöngu í skóla, námskeið og útgáfu atvinnuréttinda í fyrsta sinn. Ef um vottorð vegna endurnýjunar atvinnuréttinda er að ræða fara heimildir til að veita undanþágu eftir ofangreindum ákvæðum.

15. Missi skipstjórnar-, vélstjórnar- eða aðstoðarmaður atvinnuréttindi sín vegna ákvæða þessa viðauka í kjölfar slyss eða sjúkdóms, getur Siglingastofnun Íslands veitt undanþágu frá henni enda mæli nefnd sú sem um getur í 14. tölul. með henni. Undanþágu má fyrst veita 6 mánuðum eftir slys eða sjúkdóm þann er réttindamissinum olli. Aldrei má veita slíka undanþágu sé sjónstyrkur með gleraugum eða augnlinsum undir 6/9 eða 0,67 á betra auga eða því auga sem eftir er hafi annað augað ónýst að fullu. Einnig skal sjónsvið vera óskert á auganu. Ennfremur má aldrei veita undanþágu sé lágmarksheyrn (heyrnarþröskuldur) yfir 35 dB við 0,5 til 2 kílórið og yfir 45 dB við 3 til 4 kílórið á betra eyra eða því eyra sem eftir er hafi annað eyrað ónýst að fullu. Undanþágu má hér einungis veita vönum skipstjórnar-, vélstjórnar- eða aðstoðarmönnum.

II. VIÐAUKI

Viðurkenning erlendra skírteina.

Viðauki þessi er byggður á II. viðauka tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB frá 4. apríl 2001 um lágmarksþjálfun sjómanna um aðferðir og viðmiðanir sem lúta að viðurkenningu skírteina sem ríki utan EES gefa út og viðurkenningu menntastofnana, námsbrauta og námskeiða fyrir sjómenn, sem birt hefur verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 17, dags. 18. maí 2001 bls. 136.

III. VIÐAUKI.
Útgáfa skírteina skv. eldri lögum.

Sá sem er lögmætur handhafi skírteinis samkvæmt lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum nr. 112/1984 með síðari breytingum, lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum nr. 113/1984 með síðari breytingum og reglugerð um atvinnuskírteini skipstjórnar- og vélstjórnarmanna nr. 118/1996 með síðari breytingum, þegar reglugerð þessi öðlast gildi skal halda sínu skírteini svo lengi sem gildistími þess rennur ekki út.

Heimilt er að gefa út ný skírteini til skipstjórnarstarfa á íslenskum farþega skipum og flutningaskipum skv. lögum nr. 76/2001 og þessari reglugerð í stað skírteina skv. lögum sem fallið hafa brott á þann hátt sem eftirfarandi tafla sýnir:

Skírteini samkvæmt lögum nr. 76/2001 og þessari reglugerð:		Skírteini samkvæmt lögum nr. 112/1984 og reglugerð nr. 118/1996:
Stjórnunarsvið:	Takmarkast við:	
Skipstjóri/stýrimaður	< 65 brúttótonn í <u>innanlandssiglingum</u>	Skipstjóri á skipi 30 rúmlestir eða minna í innanlandssiglingum og hafi lokið námskeiði um farþegaflutninga með skipum og stjórnun mannfjölda á neyðarstundu skv. lögum nr. 76/2001 (A-1). Yfirstýrimaður/1. stýrimaður á fiskiskipum og öðrum skipum 200 rúmlesta og minni í innanlandssiglingum og hafi lokið námskeiði um farþegaflutninga með skipum og stjórnun mannfjölda á neyðarstundu skv. lögum nr. 76/2001 (A-3)
Yfirstýrimaður/stýrimaður	< 500 brúttótonn í strandsiglingum	Yfirstýrimaður á 200 rúmlesta kaupskipum og minni í strandsiglingum (A-5). Undirstýrimaður á 500 rúmlesta fiskiskipum og minni í innanlandssiglingum (A-4).
Skipstjóri	< 500 brúttótonn í strandsiglingum	Skipstjóri á 200 rúmlesta fiskiskipum og minni í innanlandssiglingum (A-4).
Yfirstýrimaður	< 3000 brúttótonn	Undirstýrimaður á kaupskipum og varðskipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði (A-5). Skipstjóri á fiskiskipum og öðrum skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði (A-6).
Skipstjóri	< 3000 brúttótonn	Skipstjóri á 200 rúmlesta kaupskipum og minni í strandsiglingum (B-1).
Yfirstýrimaður	engar	Yfirstýrimaður/1. stýrimaður á kaupskipum og varðskipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði (B-2). Skipstjóri á varðskipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði (B-5).

Skipstjóri	engar	Skipstjóri á kaupskipum af ótakmarkaðri stærð í strandsiglingum (B-3). Skipstjóri á kaupskipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði (B-4).
Rekstrarsvið:		
Stýrimaður	engar	Undirstýrimaður á kaupskipum og varðskipum af ótakmarkaðri stærð (A-5). Yfirstýrimaður á 200 rúmlesta kaupskipum og minni í strandsiglingum (A-5).
Stoðsvið:		
Aðstoðarmaður í brú	engar	

Heimilt er að gefa út ný skírteini til vélstjórnarstarfa á farþegaskipum og flutningaskipum skv. lögum nr. 76/2001 og þessari reglugerð í stað skírteina skv. lögum sem fallið hafa brott á þann hátt sem eftirfarandi tafla sýnir:

Skírteini samkvæmt lögum nr. 76/2001 og þessari reglugerð:		Skírteini samkvæmt lögum nr. 113/1984 og reglugerð nr. 118/1996:
Stjórnunarsvið:	Takmarkast við:	
Vélstjóri	≤ 375 kW	Vélavörður á skipi (VV). Yfirvéltjóri á skipi með aðalvél 375 kW og minni (VVy).
Vélstjóri	< 750 kW	Yfirvéltjóri á skipi með 750 kW vél og minni (VS III).
1. véltjóri	< 3000 kW	1. véltjóri með 1500 kW vél og minni (VS II).
Yfirvéltjóri	< 3000 kW	Yfirvéltjóri á skipi með 1500 kW vél og minni og 2. véltjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð að undangengnu námskeiði (VS I). 1. véltjóri á skipi með 1500 kW vél og minni og 2. véltjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð að undangengnu námskeiði (VF.IV). Yfirvéltjóri á skipi með 3000 kW vél og minni (VF.II).
1. véltjóri	engar	1. véltjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð (VF.III).
Yfirvéltjóri	engar	Yfirvéltjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð (VF.I).
Rekstrarsvið: Véltjóri	engar	1. véltjóri með 1500 kW vél og minni (VS II). Yfirvéltjóri á skipi með 1500 kW vél og minni og 2. véltjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð (VS I). Yfirvéltjóri á skipi með 750 kW vél og minni (VS III).

Stoðsvið: Aðstoðarmaður í vél	engar	Vélavörður á skipi (VV). Yfirvélstjóri á skipi með aðalvél 375 kW og minni (VVy).
---	-------	--

IV. VIÐAUKI

Grundvallarreglur um öryggismönnun.

1. Taka skal mið af eftirfarandi grundvallarreglum við að ákvarða lágmarksöryggismönnun skips:
 1. hæfni til að:
 - 1.1. viðhafa örugga siglinga-, vélstjórnar- og fjarskiptavakt í samræmi við 2. reglu VIII. kafla STCW-samþykktarinnar frá 1978, með breytingum, og sinna almennu eftirliti með skipinu;
 - 1.2. leggja frá bryggju og leggjast að bryggju með öruggum hætti;
 - 1.3. stjórna framkvæmd öryggismála um borð í skipinu þegar þeim er sinnt þegar skipið er ferðlaust eða nær ferðlaust á hafi úti;
 - 1.4. sinna störfum, eftir því sem við á, í því skyni að koma í veg fyrir skaða á lífríki sjávar og stranda;
 - 1.5. tryggja öryggisfyrirkomulag og þrífnað allra aðgengilegra rýma til að draga úr eldhættu;
 - 1.6. veita læknishjálp um borð í skipi;
 - 1.7. tryggja öruggan flutning farms meðan ferð stendur og
 - 1.8. skoða og halda, eftir því sem við á, styrk burðarvirkis skipsins og
 2. kunnáttu til að:
 - 2.1. stjórna öllum búnaði til að loka vatnspéttum dyrum og halda honum í virku ástandi auk þess að hafa tiltækt hæft lið manna til neyðarviðgerða;
 - 2.2. starfrækja allan slökkvi-, neyðar- og björgunarbúnað um borð, framkvæma tilskilið viðhald á sjó og kalla alla menn um borð til söfnunarstöðva sinna og koma þeim frá borði; og
 - 2.3. stjórna framdrifs- og hjálparvélum og halda þeim í öruggu ástandi svo tryggt sé að skipinu sé ekki hættá búin meðan sjóferð stendur yfir.
2. Við beitingu slíkra grundvallarreglna ber Siglingastofnun að taka tilhlýðilegt mið af gildandi gerðum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO), Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) sem kveða á um:
 1. vaktir;
 2. vinnutíma og hvíld;
 3. öyggsstjórnun;
 4. skírteini sjómanna;
 5. menntun og þjálfun sjómanna;
 6. hollustuhætti og hreinlæti; og
 7. aðbúnað áhafnar.
3. Einnig ber að taka mið af eftirtöldum atriðum um borð, þegar það á við:
 1. viðvarandi þjálfunarkröfum fyrir alla um borð, þar með talið vegna stjórnunar og notkunar slökkvi- og neyðarbúnaðar, búnaðar til björgunar mannlífa og búnaðar til vatnspéttar lokunar;
 2. kröfum um sérþjálfun vegna tiltekinna tegunda skipa;

3. að fæði og drykkjarvatn um borð sé fullnægjandi;
4. nauðsyn þess að taka að sér skyldustörf og axla ábyrgð á neyðarstundu og
5. að byrjendum til sjós séu veitt tækifæri til þjálfunar svo þeir geti öðlast þá þjálfun og reynslu sem nauðsynleg er.

VIÐMIÐUNARREGLUR

UM GILDI GRUNDVALLARREGLNA UM ÖRYGGISMÖNNUN

1. Inngangur.

- 1.1. Þessar viðmiðunarreglur ber að nota við beitingu grundvallarreglna um öryggismönnun sem er að finna í 1. viðauka við þessa ályktun svo tryggja megi öruggan rekstur og vernd gegn mengun frá skipum sem III. gr. STCW-samþykktarinnar frá 1978, með breytingum, gildir um.
- 1.2. Siglingastofnun má viðhalda eða taka upp fyrirkomulag sem er með öðrum hætti en mælt er með í þessari reglugerð og er sérstaklega aðlagð tækniþróun og tilteknum tegundum skipa og siglinga. Þó skal stofnunin ætíð fullvissa sig um að nákvæmt fyrirkomulag mönnunar tryggi tiltekna öryggismönnun sem telst að minnsta kosti samsvara því sem komið er á með þessum viðmiðunarreglum.

2. Vinnu- eða hvíldartími.

- 2.1. Sérhvert félag er skuldbundið til að tryggja að skipstjóri, yfirmenn og undirmenn vinni ekki fleiri vinnustundir en öruggt geti talist þegar þeir sinna skyldum sínum og stuðla að öryggi skipsins. Sama skylda er lögð á herðar skipstjóra í tengslum við áhöfn skipsins. Mönnun skal vera með þeim hætti að tryggt sé að tími og staður sem er til reiðu til að hvílast sé fullnægjandi til að nóg hvíld náist. Frekari leiðbeiningar um hæfni til skyldustarfa er að finna í reglugerð um vaktir um borð í íslenskum farþegaskipum og flutningaskipum, nr. 599/2001.
- 2.2. Um borð ætti að halda skrá yfir raunverulegar vinnustundir sem sérhver sjómaður skilar í því skyni að staðfesta að farið hafi verið að reglum um lágmarkshvíld samkvæmt viðeigandi alþjóðasamþykktum sem eru í gildi.

3. Ákvörðun um lágmarksöryggismönnun.

- 3.1. Tilgangurinn með því að ákvarða lágmarksöryggismönnun skips er að tryggja að í áhöfn þess séu nægilega margir menn með þá menntun, hæfni og kunnáttu sem nauðsynleg er til að starfrækja skipið með öruggum hætti og til að vernda lífríki sjávar og stranda.
- 3.2. Ákvarða skal lágmarksöryggismönnun skips með hliðsjón af öllum þáttum sem máli skipta, þar með talið eftirtalið:
 1. stærð og gerð skips;
 2. fjöldi, stærð og gerð framdrifs- og hjálparvéla;
 3. smíði og búnaður skipsins;
 4. viðhaldsaðferð sem beitt er;
 5. farmur sem flytja á;
 6. hve oft er komið til hafnar, lengd og eðli fyrirhugaðra sjóferða;
 7. farsvið, hafsvæði og rekstur sem skipið er í;
 8. umfang þeirra þjálfunarstarfa sem stunduð eru um borð og
 9. gildandi vinnutímatakanir og/eða hvíldarkröfur.
- 3.3. Byggja ber ákvörðun lágmarksöryggismönnunar skips á starfssviði sem sinnt er á viðeigandi ábyrgðarsviði eins og kveðið er á um í STCW-kóðanum þar sem eftirfarandi kemur fram:

1. siglingafræði, sem felur í sér þau verkefni, skyldur og þá ábyrgð sem krafist er til að:
 1. gera sjóferðaráætlun og sigla skipinu með öruggum hætti;
 2. viðhafa örugga siglingavakt í samræmi við kröfur STCW-kóðans;
 3. beita stjórnstöðum og sigla skipinu við allar aðstæður og
 4. leggja frá bryggju og leggjast að bryggju með öruggum hætti;
 2. meðferð farms og hleðsla, sem felur í sér þau verkefni, skyldur og þá ábyrgð sem krafist er til að:
 1. skipuleggja, hafa eftirlit með og tryggja örugga lestun, hleðslu, sjóbúnað og gæslu meðan á sjóferð stendur og losun farms sem flytja á með skipinu;
 3. rekstur skipsins og umönnun allra einstaklinga um borð, sem felur í sér þau verkefni, skyldur og þá ábyrgð sem krafist er til að:
 1. tryggja velferð og öryggi allra einstaklinga um borð og halda búnaði til bjargar mannlífum, slökkvistarfa og öðrum búnaði í starfhæfu ástandi;
 2. stjórna öllum búnaði til að loka vatnsþéttum dyrum og halda honum í starfhæfu ástandi;
 3. sinna störfum, eftir því sem við á, í því skyni að kalla alla skipverja til sinna söfnunarstöðva og koma þeim frá borði;
 4. sinna störfum, eftir því sem við á, til að tryggja vernd lífríkis sjávar og stranda;
 5. veita læknishjálp um borð í skipinu og
 6. takast á hendur þau stjórnunarstörf sem nauðsynleg eru fyrir öruggan rekstur skipsins;
 4. vélstjórn, sem felur í sér þau verkefni, skyldur og þá ábyrgð sem krafist er til að:
 1. starfrækja og gæta framdrifs- og hjálparvéla skipsins og meta hvernig þessi vélbúnaður starfar;
 2. viðhafa örugga vélstjórnarvakt í samræmi við kröfur STCW-kóðans;
 3. hafa stjórn með og framkvæma aðgerðir í tengslum við eldsneyti og kjölfestu og
 4. hafa með höndum störf til að tryggja öryggi vélbúnaðar, -kerfa og þjónustu;
 5. störf við rafmagns-, rafeinda- og stjórnubúnað véla, sem felur í sér þau verkefni, skyldur og þá ábyrgð sem krafist er til að:
 1. stjórna raf- og rafeindabúnaði skipsins og
 2. viðhalda öryggi rafmagns- og rafeindakerfa skipsins;
 6. fjarskiptastörf, sem felur í sér þau verkefni, skyldur og þá ábyrgð sem krafist er til að:
 1. senda og taka á móti upplýsingum með því að nota fjarskiptabúnað skipsins;
 2. sinna öruggri fjarskiptavakt í samræmi við kröfur alþjóðaradío-reglugerðar Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU) og SOLAS-samningsins, með breytingum; og
 3. sinna fjarskiptaþjónustu á neyðarstundu;
 7. viðhald og viðgerðir, sem fela í sér þau verkefni, skyldur og þá ábyrgð sem krafist er til að:
 1. sinna viðhaldi og viðgerðum á skipinu og vélum, búnaði og kerfum, eftir því sem við á í tengslum við þá viðhalds- og viðgerðaraðferð sem beitt er.
- 3.4. Til viðbótar þáttunum og starfssviðum sem tilgreind eru í tölul. 3.2 og 3.3 ætti við ákvörðun lágmarksöryggismönnunar einnig að taka mið af:

1. stjórnun framkvæmdar öryggismála um borð í skipinu þegar það er ferðlaust eða nær ferðlaust á hafi úti;
 2. nema í minni skipum, því að um borð séu hæfir yfirmenn á þilfari, til að tryggj sé að skipstjóri þurfi ekki að standa reglulegar vaktir, með því að koma á þrískiptu vaktakerfi;
 3. nema í skipum með takmarkað framdriftsafl eða eru starfrækt með þannig að vélarúm eru ómönnuð tímabundið, skulu vera um borð hæfir yfirmenn í vél, til að tryggj sé að yfirvélstjóri þurfi ekki að standa reglulegar vaktir, með því að koma á þrískiptu vaktakerfi;
 4. tekið sé mið af gildandi viðmiðunum um hollustuhætti og hreinlæti um borð og
 5. að fullnægjandi fæði og drykkjarvatn sé fyrir alla einstaklinga um borð eftir þörfum.
- 3.5. Við ákvörðun lágmarksöryggismönnunar á skipi skal einnig taka mið af:
1. fjölda hæfra starfsmanna og annarra starfsmanna sem þarf við aðstæður sem myndast þegar vinnuálag er hvað mest, að teknu tilliti til vinnutíma við skyldustörf um borð og hvíldartíma sem sjómönnum er ætlaður og
 2. færni skipstjóra og áhafnar skipsins til að samræma störf svo unnt sé að tryggja öruggan rekstur skipsins og vernd lífríkis sjávar og stranda.

4. Ábyrgð útgerðarmanns og skipstjóra.

- 4.1. Siglingastofnun má krefjast þess að útgerð sem ber ábyrgð á rekstri skips undirbúi og geri tillögur um lágmarksöryggismönnun skips í samræmi við fyrirmynd sem Siglingastofnun tilgreinir.
- 4.2. Við gerð tillagna um lágmarksöryggismönnun skips ber útgerðinni að beita grundvallarreglum og viðmiðunarreglum sem er að finna í þessum viðauka og skal skylt að:
 1. meta störf, skyldustörf og þá ábyrgð áhafnar skips sem ætlast er til að hún sinni til öruggrar starfrækslu þess, varnar lífríki sjávar og stranda og til að bregðast við neyðarástandi;
 2. meta þann fjölda manna með þá menntun, hæfni og getu sem nauðsynleg er til að starfrækja skipið með öruggum hætti, vernda lífríki sjávar og stranda og bregðast við neyðarástandi;
 3. undirbúa og leggja fram við Siglingastofnun tillögu að lágmarksöryggismönnun byggða á mati á þeim fjölda manna með þá menntun, hæfni og getu sem nauðsynleg er til að starfrækja skipið með öruggum hætti og til að vernda lífríki sjávar og stranda og rökstyðja tillöguna með því að skýra út hvernig fyrirhuguð áhöfn skipsins muni bregðast við neyðarástandi, þar með talið rýmingu farþega ef nauðsyn krefur;
 4. tryggja að lágmarksöryggismönnun sé ætíð og að öllu leyti nægileg, þar með talið að sinna þörf við aðstæður sem myndast þegar vinnuálag er hvað mest og þörf skapast og í samræmi við þær grundvallar- og viðmiðunarreglur sem er að finna í þessari ályktun og
 5. undirbúa og leggja fram við Siglingastofnun tillögu að lágmarksöryggismönnun skips ef breyting verður á farsviði, burðarvirki, vélabúnaði, búnaði eða rekstri og viðhaldi skipsins sem kann að hafa áhrif á öryggismönnun.

5. Samþykki Siglingastofnunar.

- 5.1. Tillaga um lágmarksöryggismönnun skips sem útgerð leggur fram við Siglingastofnun skal metin af hálfu hennar til að tryggj sé að:

1. tillagan um fyrirhugaða áhöfn skipsins hafi að geyma þann fjölda manna með þá menntun, hæfni og getu sem nauðsynleg er til að sinna af kostgæfni þeim verkefnum, skyldum og þeirri ábyrgð sem nauðsynleg er til að starfrækja skipið með öruggum hætti, vernda lífríki sjávar og stranda og bregðast við neyðar-ástandi og
2. skipstjóra, yfirmönnum og öðrum í áhöfn skipsins sé ekki skylt að vinna fleiri vinnustundir en öruggt geti talist tengt því að rækja skyldur sínar og gæta öryggi skipsins og að fara megi að kröfum um vinnu- og hvíldartíma í samræmi við gildandi reglur.
- 5.2. Að undangengnu mati á upphaflegu tillögunni sem útgerðin lagði fram ber Siglingastofnun að gera útgerðinni skylt að breyta tillögu að lágmarksöryggismönnun ef hún getur ekki fallist á framlagða tillögu að samsetningu áhafnar.
- 5.3. Siglingastofnun skal einungis að samþykkingu tillögu að lágmarksöryggismönnun skips og gefa út öryggisskírteini um lágmarksmönnun samkvæmt því sé það þess fullvisst að tillagan um samsetningu áhafnar sé fengin í samræmi við grundvallarreglur, tilmæli og viðmiðunarreglur sem er að finna í þessum viðauka og er fullnægjandi að öllu leyti svo starfrækja megi skipið með öruggum hætti og að verndun lífríkis sjávar og stranda sé tryggð.
- 5.4. Siglingastofnun getur afturkallað öryggisskírteini um lágmarksmönnun skips ef útgerð vanrækir að leggja fram nýja tillögu að lágmarksöryggismönnun eftir að breytingar hafa orðið á farsviði, burðarvirki, vélbúnaði, búnaði eða rekstri og viðhaldi skipsins og hafa áhrif á lágmarksöryggismönnunina.
- 5.5. Siglingastofnun skal endurskoða og má afturkalla, eftir því sem við á, öryggisskírteini um lágmarksmönnun skips þar sem vanrækt er ítrekað að fullnægja kröfum um hvíldartíma.

STARFSREGLUR

fyrir undanþágunefnd.

1. gr.

Almennt um nefndina.

Nefndin heitir undanþágunefnd og heyrir stjórnarfarslega undir samgönguráðherra. Nefndin fjallar um undanþágur til starfa á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum eftir því sem nánar er kveðið á um í 21. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum og 8. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum.

Siglingastofnun Íslands fjallar um undanþágur til starfa á farþegaskipum og flutningaskipum samkvæmt lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, með síðari breytingum og reglugerð samkvæmt þeim lögum. Undanþágunefnd skal halda gerðarbók um störf nefndarinnar. Ákvarðanir nefndarinnar skulu vera skriflegar. Siglingastofnun Íslands annast skrifstofuhald og daglega afgreiðslu fyrir nefndina.

2. gr.

Umsókn um undanþágu.

Umsókn um undanþágu samkvæmt 3.–7. gr. skal senda undanþágunefnd á sérstöku eyðublaði sem nálgast má á heimasíðu Siglingastofnunar og á aðalskrifstofu og umdæmis-skrifstofum hennar og hjá lögskráningaraðilum. Umsókn skulu fylgja upplýsingar sem krafist er á eyðublaði. Þegar sótt er um undanþágu til starfs, sem auglýsa ber í fjölmiðlum, skal jafnframt fylgja fullnægjandi sönnun þess að starfið hafi verið auglýst, svo sem kvittun fyrir greiðslu auglýsingar eða ljósrit af auglýsingu.

3. gr.

Störf skipstjóra.

Undanþágur til skipstjórastarfa má veita án undangenginnar auglýsingar í slysa- og veikindatilvikum eða til afleysinga í allt að einn mánuð í senn og þá til 1. stýrimanns viðkomandi skips, enda hafi hann a.m.k. 3 mánaða siglingatíma á viðkomandi skipi sem stýrimaður, eða til manns sem hefur skipstjóraréttindi næsta stigs fyrir neðan, þau sem krafist er.

Ef skortur er á mönnum með nægileg skipstjóraréttindi er heimilt að veita skipstjórum undanþágu í allt að 6 mánuði í senn, enda fullnægi þeir eftirtöldum skilyrðum eftir því sem við á:

- (a) Sé skipið stærra en 200 rúmlestir, þá hafi þeir 200 rúmlesta skipstjóraréttindi og hafi starfað sem skipstjórar í a.m.k. 50 mánuði þar af a.m.k. 12 mánuði á viðkomandi skipi, nema um sé að ræða endurnýjun á skipi í eigu sömu útgerðar, enda sé krafist sömu réttinda á hið nýja skip.
- (b) Sé skipið stærra en 100 rúmlestir, þá hafi þeir að minnsta kosti 80 rúmlesta réttindi og hafi starfað sem skipstjórar í a.m.k. 50 mánuði þar af a.m.k. 12 mánuði á viðkomandi skipi, nema um sé að ræða endurnýjun á skipi í eigu sömu útgerðar enda sé krafist sömu réttinda á hið nýja skip.
- (c) Sé skipið 100 rúmlestir eða minna þá hafi þeir a.m.k. 30 rúmlesta réttindi og hafi starfað sem skipstjórar í a.m.k. 50 mánuði þar af a.m.k. 12 mánuði á viðkomandi skipi, nema um sé að ræða endurnýjun á skipi í eigu sömu útgerðar, enda sé krafist sömu réttinda á hið nýja skip.

4. gr.

Störf yfirvélstjóra.

Undanþágur til yfirvélstjórastarfa má veita án undangenginnar auglýsingar í slysa- og veikindatilvikum eða til afleysinga í allt að einn mánuð í senn og þá til 1. vélstjóra eða vélavardar viðkomandi skips. Vélstjórinn hafi a.m.k. næsta réttindastig fyrir neðan þau réttindi sem krafist er og a.m.k. 3 mánaða starfstíma á viðkomandi skipi. Vélavörðurinn hafi vélavardarréttindi og a.m.k. 3 mánaða starfstíma á viðkomandi skipi.

Ef skortur er á mönnum með nægileg réttindi er heimilt að veita vélstjórum undanþágu í allt að 6 mánuði í senn, enda fullnægi þeir eftirfarandi skilyrðum eftir því sem við á:

- a) Hafi lokið námi til viðkomandi réttinda og a.m.k. helmingi af skilgreindum siglingatíma eða,
Fyrir skip með 376 kW aðalvél og stærri.
- b) hafi næsta réttindastig fyrir neðan þau réttindi sem þarf á viðkomandi skip og hafi starfað a.m.k. 50 mánuði sem yfirvélstjóri, þar af í 12 mánuði á viðkomandi skipi, nema um sé að ræða endurnýjun á skipi í eigu sömu útgerðar, enda sé krafist sömu réttinda á hið nýja skip.

5. gr.

Störf stýrimanna.

Undanþágur til stýrimannastarfa má veita án undangenginnar auglýsingar í slysa- og veikindatilvikum eða til afleysinga í allt að einn mánuð í senn, og þá til stýrimanns, sem hefur næsta réttindastig fyrir neðan þau réttindi, sem þarf á viðkomandi skip.

Ef skortur er á mönnum með nægileg stýrimannsréttindi er heimilt að veita stýrimönnum undanþágu í allt að 6 mánuði í senn, enda fullnægi þeir a.m.k. öðru eftirfarandi skilyrða:

- a) hafi lokið námi til viðkomandi réttinda en vanti siglingatíma eða,
- b) hafi næsta réttindastig fyrir neðan þau réttindi sem þarf á viðkomandi skip og hafi starfað í a.m.k. 30 mánuði sem stýrimenn.

6. gr.

Störf undirvélstjóra.

Undanþágur til undirvélstjórarstarfa má veita án undangenginnar auglýsingar í slysa- og veikindatilvikum eða til afleysinga í allt að einn mánuð í senn, og þá til vélstjóra með næsta réttindastig fyrir neðan þau réttindi sem þarf á viðkomandi skip.

Ef skortur er á mönnum með nægileg vélstjóraréttindi er heimilt að veita vélstjórum undanþágu til starfa í allt að 6 mánuði í senn, enda fullnægi þeir a.m.k. öðru eftirfarandi skilyrða.

- a) Hafi lokið námi til viðkomandi réttinda og a.m.k. helmingi af skilgreindum siglingatíma sé um starf 1. vélstjóra að ræða, en a.m.k. fjórðungi af skilgreindum siglingatíma, sé um starf 2. vélstjóra að ræða.
- b) Hafi næsta réttindastig fyrir neðan þau réttindi sem þarf á viðkomandi skip og hafi starfað að auki 12 mánuði sem vélstjóri, sé um starf 1. vélstjóra að ræða.

7. gr.

Störf vélavarða.

Undanþágur til vélavarðarstarfa má veita án undangenginnar auglýsingar, í slysa- og veikindatilvikum eða til afleysinga í allt að einn mánuð í senn.

8. gr.

Afturköllun undanþágu.

Óski maður með tilskilin starfsréttindi eftir starfi undanþágumanns, skal undanþágunefnd fella undanþáguheimildina úr gildi. Afturköllun skal að jafnaði gilda frá þeim tíma er skipið kemur til hafnar, ef það er á sjó, enda sé réttindamaðurinn tilbúinn að taka við starfi undanþágumannsins þá þegar.

9. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru skv. 21. gr. laga nr. 112/1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum og 8. gr. laga nr. 113/1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, öðlast gildi 1. mars 1992 og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi starfsreglur fyrir undanþágunefnd nr. 20/1992.

Samgönguráðuneytinu, 21. maí 2003.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUR

um bann við netaveiði göngusilungs við Faxaflóa og Skjálfanda.

1. gr.

Bönnuð er netaveiði göngusilungs í sjó á ári hverju frá og með 10. júní til og með 10. ágúst á eftirtöldum stöðum:

- a) Með strandlengju í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu frá friðunarsvæði Hítarár í norðri að Suðurflös á Akranesi í suðri.
- b) Með strandlengju Skjálfandaflóa frá friðunarsvæði Laxár í Þingeyjarsýslu í suðri að landamerkjum Bakka og Héðinshöfða í norðri.

2. gr.

Brot á ákvæðum þessara reglna varðar sektum samkvæmt lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 7. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungveiði með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 22. maí 2003.

Árni Ísaksson veiðimálastjóri.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Hafnarfirði.

„Suðurhöfn“ vegna Óseyrarbrautar 23.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 8. apríl 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Suðurhöfn“ vegna Óseyrarbrautar 23 í Hafnarfirði.

„Athafnasvæðis hestamannafélagsins Sörla“.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 18. mars 2003 breytingu á deiliskipulagi „Athafnasvæðis hestamannafélagsins Sörla“ í Hafnarfirði.

Farið var með breytingarnar skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og þær yfirfarnar af Skipulagsstofnun.

Breytingarnar öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 27. maí 2003.

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

REGLUGERÐ

um mönnunarnefnd skipa.

1. gr.

Nefndin heitir mönnunarnefnd skipa og heyrir stjórnarfarslega beint undir samgöngu-ráðherra. Nefndin fjallar um mönnun fiskiskipa, varðskipa og annarra skipa eftir því sem nánar er kveðið á um í 19. og 20. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum og 6. og 7. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræð-inga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum.

Siglingastofnun Íslands annast skrifstofuhald og daglega afgreiðslu fyrir nefndina.

2. gr.

Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Aðrir nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila:

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands tilnefnir 2 menn til að fjalla um fjölda skip-
stjórnarmanna, og Vélstjórafélag Íslands tilnefnir 2 menn til að fjalla um fjölda vélstjóra.
Samtök útvegsmanna tilnefna 2 menn í nefndina. Nægjanlegt er að einn frá hverjum sam-
tökum fjalli um hvert mál.

3. gr.

Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn.

4. gr.

Samtök útvegsmanna, útgerð varðskipa og annarra skipa eða stéttarféлага geta lagt fyrir nefndina til úrskurðar beiðni um breytingu á mönnun skips frá ákvæðum laganna.

5. gr.

Til að fjalla um ákveðin mál kveður formaður til fulltrúa þeirra samtaka yfirmanna sem málið varðar, ásamt jafn mörgum fulltrúum samtaka útgerða eða útvegsmanna. Tilkvaddir nefndarmenn hafa hver eitt atkvæði. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Varafor-
maður getur, eftir ákvörðun formanns, tekið þátt í umræðum um mál, en hefur ekki atkvæð-
isrétt.

6. gr.

Mönnunarnefnd heldur fundi eftir þörfum og formaður nefndarinnar boðar fundi og stjórnar þeim. Hann skal sjá um að mál, sem lögð eru fyrir nefndina, séu rekin án óþarfa tafa.

7. gr.

Sem fyrst að málsmeðferð lokinni, kveður nefndin upp rökstuddan úrskurð.

Úrskurðir skulu færðir í sérstaka gerðarbók og vera undirritaðir af formanni. Formaður sér um að úrskurðir séu kynntir málsaðilum, samgönguráðuneyti, Siglingastofnun, lögskrán-
ingarstjóra og öðrum þeim sem ástæða þykir til.

Úrskurði mönnunarnefndar er heimilt að kæra til samgönguráðuneytisins.

8. gr.

Nefndarmönnum, varamönnum þeirra, embættismönnum, sérfræðingum og öðrum þeim, sem tekið hafa þátt í störfum nefndarinnar, er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá því, sem þeir hafa komist að í störfum sínum fyrir nefndina eða á fundum hennar.

9. gr.

Mönnunarnefnd heldur gerðarbók um störf sín og skulu formaður og ritari skrifa undir bókanir í lok hvers fundar. Í fundargerðarbókina skal færa stað og stund fundar og skrá hverjir nefndarmanna eða varamanna sitja fundinn, númer máls og hver er umsækjandi, framlögð gögn, nöfn þeirra sem mæta fyrir aðila og annarra er kynnu að sitja fundinn. Jafnframt skal færa í fundargerðarbók stutta lýsingu á umræðum og/eða málflutningi, þar sem greint sé frá kröfum aðila, fullyrðingum og mótmælum að svo miklu leyti sem þetta kemur ekki fram í framlögðum gögnum. Skýringar og málflutningur til rökstuðnings kröfu, mótmæla eða athugasemdir skulu ekki færðar í fundargerðarbók, nema formaður ákveði það, þegar sérstaklega stendur á.

10. gr.

Ríkissjóður greiðir þóknun til nefndarmanna samkvæmt mati þóknanefndar.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 20. gr. laga nr. 112 31. desember 1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum og 7. gr. laga nr. 113 31. desember 1984 um atvinnuréttindi, vélfræðinga, vélstjóra og vélavara á íslenskum skipum og tekur þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um mönnunarnefnd, nr. 64/1985, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 21. maí 2003.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
416	21. maí	Reglugerð um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutninga- skipa	1363-1379
417	21. maí	Starfsreglur fyrir undanþágunefnd	1379-1381
418	22. maí	Reglur um bann við netaveiði göngusilungs við Faxaflóa og Skjálfanda	1382
419	27. maí	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Hafnarfirði	1382
420	21. maí	Reglugerð um mönnunarnefnd skipa	1383-1384

